# FRÉTTABLAÐIÐ

275. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 24. NÓVEMBER 2015




**Ómissandi menn** Snjóbræðslulögn fór úr sambandi á gatnamótum Lækjargötu og Bankastrætis. Búast má við því að frostdögum fjölgi á næstunni, enda nóvember brátt á enda. Það var því ekki um annað að ræða en að fá vaskan flokk bæjarstarfsmanna til þess að kippa málum í liðinn. Þeir unnu verk sitt með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Slást um veitingakvótann á Laugavegi

**Búið er að fyllta veitingareksturskvótann á miðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að fast sé sótt, að veitingamenn sem starfa á Laugaveginum láti pláss sitt öðrum veitingamönnum eftir. Formaður borgarráðs segir kvóta nauðsynlegan til þess að verja verslun og halda fjölbreytni.**

**VERSLUN** Búið er að fylla veitingareksturskvótann á miðborgarsvæðinu og því er hart keppt um að fá veitingarými. Dæmi eru um að herjað sé á veitingamenn á Laugaveginum til að láta pláss sitt eftir undir annan veitingarekstur. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir vandamálið ekki nýtt en að það hafi magnast.

Veitingarekstur má ekki fara yfir 30 prósenta hlutfall af rýmum í borginni á miðborgarsvæði samkvæmt ákvæði í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030. Meðal þeirra sem hafa fundið fyrir áhuga annarra aðila á starfsemi sinni eru eigendur veitingastaðarins Asíu, sem rekinn hefur verið við Laugaveg í 27 ár.

Óli Kárason Tran, sonur eiganda Asíu, segir að mjög margir hafi sýnt því áhuga að komast yfir húsnæði þeirra í gegnum tíðina. Um þessar mundir er verið að ræða málin við aðila sem áhuga hafa á því. Óli vill hins vegar ekki tjá sig frekar um viðræðurnar.

„Það er sótt að veitingamönnum á Laugaveginum til að gefa plássið sitt eftir fyrir annan rekstur vegna þess að það er erfitt að koma nýr inn. Þá er verið að herja á þá sem eru fyrir og athuga hvort einhver möguleiki sé á að tala saman. Menn tala saman á hverjum degi,“ segir hann.

Óli segir kvótann á veitingarekstri spila þarna inn í. „Skýrasta dæmið um hversu erfitt er að fá veitingaleyfi er Nam hérna fyrir ofan okkur. Auðvitað er þetta eftirsóttur staður og starfsumhverfið hefur snarbatnað með tilkomu erlendra ferðamanna á öllum tímum,“ segir Óli.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir þetta aðstæður sem borgin sé meðvituð um. „Það er búið að vera nóg að gera hjá veitingastöðum á Laugavegi í mjög langan tíma, að því leytinu til hefur ástandið ekki breyst en það hefur magnast,“ segir hann.

Björn segir engin áform um að breyta kvótanum. „Auðvitað væri það þannig að ef ekki hefði verið settur kvóti á sínum tíma, þá gætum við nokkurn veginn gengið út frá því að það væru bara veitingastaðir á Laugavegi. Þetta var gert á sínum tíma til þess að verja verslun og halda fjölbreytni. Þessi staða sem ríkir núna gerir ekkert annað en að undirstrika að sú þörf sé enn þá fyrir hendi,“ segir Björn.

„Það sem væri mest virði fyrir borgina og borgarbúa væri að þessi eftirspurn myndi þrýsta veitingarekstri aðeins meira út í jaðra miðborgar, teygja á miðborginni og stækka svæðið.“ – sg

**Jólablað Fréttablaðsins 2015**

## Jólin koma brátt í allri sinni dýrð




Glæsilegt jólablað fylgir Fréttablaðinu í dag. Þar er að finna fjölda uppskrifta að hátíðarmat, drykkjum og öðru góðgæti.

Þar er jafnframt fjöldi frásagna af jólahefðum fyrr og nú ásamt hugmyndum að ýmsu föndri og skrauti. Í blaðinu er meðal annars viðtal við fólk sem er með stærðarinnar jólaþorp í stofunni og matreiðslumann sem gefur uppskrift að hreindýraveislu. – ve

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergsveinn Birgisson skrifar um TiSA-samninginn og lýðræði á útsölu. 10-11

**SPORT** Alfreð Finnbogason vonast eftir tækifæri í Meistaradeildinni gegn stórliði Bayern München. 12

**MENNING** Hollvinir Reykjalundar halda styrktartónleika í Grafarvogskirkju í kvöld. Meðal þeirra sem þar koma fram er Þórunn Lárusdóttir. 18-20

**LÍFIÐ** Reykjavíkurdætur vinna að plötu og skoða tilboð frá erlendum tónlistarhátíðum. 24-26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








## Veður




**Norðvestan hvassviðri** eða stormur á austanverðu landinu. Vindur undir Vatnajökli gæti jafnvel náð 25 m/s og hviður allt að 40 m/s. Hvassviðrinu fylgir snjókoma og skafrenningur norðan- og austanlands, en suðaustan til er úrkomulaust. SJÁ SÍÐU 20



**Margrét Frímannsdóttir, fráfarandi forstöðumaður Litla-Hrauns.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kominn tími á að hætta

**STJÓRNSÝSLA** „Það er hvorki verið að henda mér út né ég að skella hurðum. Þetta var bara réttur tímapunktur,“ segir Margrét Frímannsdóttir um óvænta uppsögn sína sem forstöðumaður fangelsanna á Litla-Hrauni og Sogni.

Þann 1. febrúar næstkomandi hefur Margrét gegnt starfinu í átta ár. Tímasetning uppsagnarinnar núna er því vegna þriggja mánaða uppsagnarfrests. Margrét gerir ráð fyrir að vinna hann að fullu en segir að það verði þó að koma í ljós.

„Starfið er erfitt en það er alveg svakalega gefandi og þetta er búinn að vera frábær tími,“ segir hún. Margrét er annáluð fyrir að vera vinsæl hjá föngunum á Litla-Hrauni en hún segir að uppsögn sín muni ekki vera áfall fyrir þá. „Það kemur maður í manns stað eða kona í konu stað.

Þetta var bara réttur tímapunktur. Það fer ofsalega mikill tími í þetta starf. Maður er eiginlega vakinn og sofinn yfir því allan sólarhringinn,“ segir Margrét. **– snæ**




# Tjaran skoluð af



„Það er búið að vera brjálað að gera,“ segir Eyjólfur Einarsson hjá Splass-bílaþvottastöðinni. Þegar veturinn gerir vart við sig sest tjara á bílana og þá þarf að þrífa oftar. Eyjólfur segir að það hafi verið enn meira að gera í síðustu viku enda tíðin verið þannig. „Mínus fimm gráður og allt þurrt. Þá vilja menn vera á hreinum bílum,“ segir Eyjólfur hjá Splass. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hafsbotninn kortlagður

**RANNSÓKNIR** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að ráðast í stórátak í kortlagningu hafsbotnsins innan íslensku efnahagslögsögunnar.

Ríkisstjórnin mun leggja til við Alþingi, við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2017, að tryggt verði fjármagn til verkefnisins í fjárlögum þess árs á grundvelli 10-15 ára verkáætlunar sem tilbúin verður í upphafi nýs árs. Hafrannsóknastofnun mun sjá um úthald skipa, mælingar og frumúrvinnslu þannig að öll gögn verði aðgengileg stofnunum, háskólum og atvinnulífinu í landinu.

Íslenska efnahagslögsagan er um 754.000 ferkílómetrar eða rúmlega sjöfalt stærri en sem nemur flatarmáli landsins. **– shá**

# Dómur fyrir að strjúka læri í Vesturbæjarlaug

**Karlmenn hafa verið áreittir í gufubaði Vesturbæjarlaugar. Forstöðumaður segir engar heimildir vera til að vísa fólki frá ótímabundið. Hvetur fólk til að kæra.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var á dögunum dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa strokið hægra læri annars manns í gufubaði karla í Vesturbæjarlaug. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða þolanda áreitninnar 200 þúsund krónur.

Annað sams konar mál kom upp í því sama gufubaði skömmu síðar, en þar var annar maður að verki, og er það til rannsóknar hjá lögreglu eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

„Þetta voru einhverjir sem eiga eitthvað bágt með sig,“ segir Hafliði Halldórsson, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar. Hann segir að síðastliðin fjögur ár hafi í nokkur skipti verið kvartað yfir kynferðislegri áreitni í lauginni.

Hafliði segir að þegar svona mál komi upp sé í raun lítið sem hægt sé að gera til frambúðar. Enginn svartur listi sé við lýði því forstöðumaður laugarinnar hafi aðeins heimild til að vísa fólki frá tímabundið. Sem dæmi um frávísunarsök er ef fólk neitar að baða sig áður en farið er í laugina eða ef það er mjög ölvað.

„Ef það koma upp einhver svona mál og einhver kvartar þá hvetjum við viðkomandi til að kæra til lögreglu því við höfum ekkert í höndunum. Við erum ekki dómsvald. Þetta er almenningslaug og almenningssvæði og ef fólki er misboðið vegna framkomu eða hegðunar einhvers þá er það lögreglumál. En okkur ber skylda til að gæta hagsmuna þeirra sem eru hér gestir, að þeim sé ekki misboðið af náunganum,“ segir Hafliði.



**Hafliði Halldórsson forstöðumaður segir að kynferðisleg áreitni sé sem betur fer ekki daglegt brauð í Vesturbæjarlaug.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef það koma upp einhver svona mál og einhver kvartar þá hvetjum við viðkomandi til að kæra til lögreglunnar. Við höfum ekkert dómsvald.**
>
> Hafliði Halldórsson forstöðumaður Vesturbæjarlaugar

Hann segir að upp hafi komið kvartanir vegna áreitni í heitu pottunum líka, áreitnin einskorðist ekki við karlaklefann eða gufuna. Eftirlitsmyndavélar séu á útisvæði en engar í búningsklefum sem geri sönnun erfiðari.

Fólki sé ekki meinaður aðgangur að lauginni nema eftir að kæra hefur borist og þá í samráði við borgarlögmann. „Þetta er auðvitað mjög viðkvæmt og þarna er fólk að bera sig og annað. Það er alltaf rosalega erfitt að taka á svona málum.“

Maðurinn sem dæmdur var á dögunum játaði sök.

snaeros@frettabladid.is

Audi
Vorsprung durch Technik



# Hugðist drepa sig en stofnar nú félag fólks með Wilson-sjúkdóminn

**FÉLAGSMÁL** „Ég var orðinn það langt niðri að ég ætlaði að fara að drepa mig," segir Guðmundur Pálmason á Dalvík sem gengst fyrir stofnun samtaka fyrir þá sem eru með Wilson-sjúkdóminn.

Guðmundur segir aðeins átta manns á Íslandi með Wilson-sjúkdóminn en hann veldur því að kopar safnast upp í heila og lifur sjúklinganna. Einkennin séu afar mismunandi eftir einstaklingum. Til dæmis hafi ein konan sem þjáist af sjúkdómnum hérlendis þurft að fara í lifrarskipti.

Sjálfur kveðst Guðmundur, sem er 32 ára, hafa veikst fyrir um þremur árum. Sjúkdómurinn hafi þó ekki verið greindur fyrr en í byrjun þessa árs eftir mikla þrautagöngu sem einkennst hafi af skelfilegu þunglyndi. „Læknirinn dældi bara í mig þunglyndislyfjum og þau virkuðu ekki neitt," segir hann.

Guðmundur segir það hafa verið yndislegt að fá loks skorið úr um hvað gengi að honum. Þá hafi hann komist í viðeigandi meðferð og þunglyndið sé algerlega á bak og burt. Hann glími þó enn við mikið máttleysi í fótum og sé ekki enn kominn til baka til vinnu.

„En ég fer vonandi að vinna í Húsasmiðjunni eftir áramót," segir Guðmundur vongóður. „Ég þarf að vera á lyfjum alla ævi. Það er ekki hægt að losna við sjúkdóminn en það er hægt að halda honum niðri. Ég mun ná fyrri styrk; ég veit bara ekki hvort það tekur tuttugu daga eða tuttugu ár."

Stofnfundurinn verður á föstudag klukkan fjögur á Center Hotel Plaza í Reykjavík sem Guðmundur segir veita nýja félaginu endurgjaldslaus afnot af sal í hótelinu. „Markmiðið hjá mér er að ná í sérfræðiþekkingu að utan; að fá fyrirlesara og lækna til landsins," segir Guðmundur sem kveður ekki mjög mikla þekkingu til hérlendis um þennan sjaldgæfa sjúkdóm. **– gar**



**Guðmundur var langt leiddur af þunglyndi en komst á bataveg þegar hann fékk loks rétta sjúkdómsgreiningu.**



**Eiturefni í skíðaáburði brotnar ekki niður.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Eiturefni í skíðasporum

**NOREGUR** Skógarbotninn í Holmenkollen og Voksenåsen í Noregi, þar sem heimsmeistaramótið í skíðagöngu fór fram 2011, er fullur af flúorefnum úr skíðaáburði, að því er norska umhverfisstofnunin greindi frá á föstudaginn.

Norsk yfirvöld hafa lagt fram tillögu um að flúorefnið PFOA verði bannað innan Evrópusambandsins. Efnið er meðal annars notað til að vatnsverja fatnað. Það er í froðu í slökkviefni og í vissum tegundum af skíðaáburði.

Í frétt norska ríkisútvarpsins er haft eftir vísindamanninum Dorte Herzke að um sé að ræða eitur sem brotni ekki niður. Afleiðingarnar geti meðal annars orðið DNA-breytingar sem geti haft í för með sér krabbamein. **– ibs**

## Kröfuhafar LBI samþykkja

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar LBI (gamla Landsbankans) samþykktu frumvarp að nauðasamningi með um það bil 99,7 prósentum atkvæða á kröfuhafafundi á Hótel Hilton Nordica í gær.

Í tilkynningu á vef LBI segir að í samræmi við þessa niðurstöðu muni slitastjórn leggja fram kröfu til Héraðsdóms Reykjavíkur um staðfestingu nauðasamningsins.

Kröfuhafar Glitnis samþykktu nauðasamning síðastliðinn föstudag og kröfuhafar Kaupþings taka afstöðu til nauðasamnings síðar í mánuðinum. **– jhh**

# Listaverk og fornmunir í hættu

**Innan þess svæðis þar sem hættast er við sjávarflóðum í miðborg Reykjavíkur er að finna ómetanleg listaverk, fornmuni, skjöl og annan safnkost. Úr Hafnarhúsinu þyrfti að flytja þúsundir verðmætra listaverka.**

**NÁTTÚRA** Ómetanleg listaverk, skjöl, fornmunir og annar safnkostur er geymdur á því svæði í miðborg Reykjavíkur þar sem hættast er við skemmdum við stórt sjávarflóð. Þar á meðal eru 3.000 listaverk í geymslum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og fornmunir sem eru hluti af Landnámssýningunni 871±2 í Aðalstræti.

Þetta kemur fram í skýrslu um flóðavarnir fyrir Kvosina sem verkfræðistofan Efla vann fyrir Reykjavíkurborg, Viðlagatryggingar Íslands og ýmis fyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta í Reykjavík.

Þekkt er að í Kvosinni í Reykjavík og á svæðinu sunnan Tjarnarinnar er sérstaklega hætt við flóðum vegna landfræðilegra aðstæðna. Á þessu svæði eru margar mikilvægar byggingar, svo sem Alþingishúsið, Ráðhúsið, Stjórnarráðið, Seðlabankinn og Norræna húsið. Skemmdir á innviðum, aðallega rafkerfum, og vatnsskemmdir á þeim 140 byggingum og innanstokksmunum þeirra sem flóðið gæti náð til yrðu tilfinnanlegar – 300 til þúsund milljónir. Hins vegar er verðmæti sem ekki verða endurheimt víða að finna; listaverk, antíkmuni, fornmuni og skjalasöfn sem ekki eru til afrit af.

Lausleg athugun skýrsluhöfunda leiddi til dæmis í ljós að í kjallara Héraðsdóms Reykjavíkur er geymdur langstærsti hluti 30 ára réttarsögu dómstólsins, og ekki er til afrit af megninu af skjalasafninu. Í kjallara Seðlabankans eru geymdar höggmyndir og í húsi Tollstjóra við Tryggvagötu einnig skjöl, en verðmæti þeirra hefur ekki verið metið.

Um 3.000 listaverk eru í geymslum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, einnig við Tryggvagötu.

Ólöf K. Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir að þau listaverk sem geymd eru á jarðhæð Hafnarhússins séu verk eftir Erró, og samtímaverk. Þar eru ekki geymd verk gömlu meistaranna eins og Jóhannesar Kjarval, Ásmundar Sveinssonar og fleiri. Verk þeirra eru öll annars staðar í geymslum Listasafnsins.



**Mörg þeirra verka sem eru í geymslum Hafnarhússins eru eftir Erró auk samtímaverka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Hægt að spá flóðum langt fram í tímann

- Veðurfræðilegir atburðir hafa ákveðinn aðdraganda og bæði þarf að vera stórstraumsflóð og djúp lægð að ganga yfir landið.
- Sjávarföll er hægt að spá fyrir um langt fram í tímann og einnig er vel fylgst með veðri við Ísland, svo viðunandi viðbragðstími vegna flóða af veðurfræðilegum uppruna ætti ekki að vera vandkvæðum háður.
- Þegar spáð er fyrir um djúpa lægð og stórstreymi sér Veðurstofa Íslands um að gefa út sjávarflóðaviðvörun samhliða almennri veðurspá. Almannavarnir vinna úr þessum upplýsingum frá Veðurstofunni og gera viðeigandi ráðstafanir.



**Ólöf K. Sigurðardóttir** safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

„Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að gera geymslur í Hafnarhúsinu vatnsþéttar en fari miðborgin undir vatn þá munu þær ekki halda frekar en aðrar á þessu svæði," segir Ólöf og bætir við að alltaf sé tækifæri til að flytja safnkostinn á öruggan stað. Niðurstöður skýrslunnar séu hins vegar umhugsunarefni þó að viðbragðsáætlanir séu til í safninu fyrir margs konar aðstæður sem komið geta upp. Skýrslan er nú til skoðunar hjá yfirvöldum í Reykjavík og Ólöf býst fastlega við að borgaryfirvöld bregðist við og það nái til listasafnsins sem annarra stofnana á vegum borgarinnar.

Landnámssýningin í Aðalstræti er sérstaklega veik fyrir, er að skilja af skýrslunni. „Öll sýningin er neðanjarðar og ljóst að þó svo lítið flóð kæmi væri Landnámssýningin með fyrstu stöðum að fara undir vatn. [...] Ef grunnvatn hækkar mikið getur flætt inn í húsnæðið innan frá. Á sýningunni er að finna mikið af ómetanlegum fornmunum, en flestum væri þó hægt að bjarga með auðveldum hætti ef það færi að flæða. Engin viðbragðsáætlun er til við flóði. Óvíst er hver áhrif flóðs myndu vera fyrir sjálfa rústina," segir í skýrslunni.

**svavar@frettabladid.is**




Komdu og reynsluaktu nýjum bíl
ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST
Láttu sölumenn okkar stjana við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.
RENAULT MEGANE LIMITED
VEGLEGUR AUKAHLUTAPAKKI
Aukahlutapakki innifalinn í verði: 17" álfelgur / lyklalaust aðgengi / skyggðar rúður / tölvustýrð tveggja svæða loftkæling / limited innrétting og aðfellanlegir speglar.
DÍSIL, BEINSKIPTUR, EYÐSLA 3,5 L/100 KM*
DÍSIL SJÁLFSKIPTUR EYÐSLA 4,2 L/100 KM*
VERÐ FRÁ: 3.490.000 KR.
MEGANE
RENAULT CLIO
FALLEGUR BÍLL Á FLOTTU VERÐI
DÍSIL, SJÁLFSK. EYÐSLA 3,7 L/100 KM*
VERÐ: 2.990.000 KR.
CLIO
NISSAN PULSAR
HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM
VISIA, DÍSIL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM*
SÝNINGARTILBOÐ
Tryggðu þér nýjan Pulsar á sýningatilboði núna
PULSAR
NISSAN LEAF RAFBÍLL
Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI
Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði.
100% RAFBÍLL
Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaði sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, tímastilltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn.
Nánari upplýsingar á www.nissan.is
NISSAN QASHQAI
VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS
ACENTA, DÍSIL, EYÐSLA 3,8 L/100 KM*
VERÐ: 3.990.000 KR.
ACENTA, DÍSIL, SJÁLFSK., EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
VERÐ: 4.590.000 KR.
QASHQAI
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. **Miðast við bílaleigubíl í sama stærðarflokki og Nissan Leaf.
ENNEMM / SÍA / NM72097
REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL
ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP
Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.
SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
B|L
GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Klára mál á Siglufirði

**HAMFARIR** Viðlagatryggingasjóður ríkisins hefur lokið 69 af þeim 72 málum sem komu upp eftir aurflóðin á Siglufirði í lok ágústmánaðar. Ný vinnubrögð eru að mati forstjóra lykillinn að því að svo vel hafi gengið að ljúka málum. Heildartjón sem Viðlagatryggingasjóður bætir eru 64 milljónir að meðtöldu tjóni á fráveitukerfi bæjarins.

„Hér er um að ræða bæði tjón á innbúi og fasteignum. Í okkar bókum telst þetta sitt tjónið hvort. Þau þrjú mál sem enn er ólokið eru á þá leið að ein matsgerð er í vinnslu, önnur í kynningu hjá tjónþola og í einu tilviki er verið að skoða athugasemdir tjónþola,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingasjóðs. **– sa**

## Sjálfstæði í hlýrra loftslagi

**GRÆNLAND** Hlýnandi loftslag getur fært Grænlandi sjálfstæði. Þetta hefur Sænska dagblaðið eftir bandaríska blaðamanninum McKenzie Funk sem skrifaði bókina Windfall – the booming business of global warming.

Hann segir breytingarnar, sem bætt geta efnahag Grænlendinga, þegar hafnar. Dæmi um slíkt sé sinknáman Svarti engillinn sem aðeins er hægt að komast að frá hafi. Ísinn í firðinum sem náman er við hefur minnkað og þar með hefur námuvinnslan lengst um sex vikur. Jökullinn við námuna hefur jafnframt hopað og við það hefur meiri málmur fundist.

Funk segir svipað eiga sér stað á fleiri stöðum á Grænlandi og nefnir í því sambandi gullnámur. **– ibs**

## Helmut Schmidt kvaddur hinstu kveðju



Útför Helmuts Schmidt, fyrrverandi kanslara Þýskalands, var gerð frá Kirkju heilags Michaelis í Hamborg í gær. Helmut Schmidt lést í Hamborg þann 10. nóvember síðastliðinn, 96 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Macri boðar kúvendingu í stjórnmálum Argentínu

**ARGENTÍNA** Hægrimaðurinn Mauricio Macri segir að tímamót verði í Argentínu með sigri sínum í forsetakosningum á sunnudaginn.

Hann ætli sér að styrkja efnahag landsins og fara allt aðra leið en forverar hans tveir, þau Christina Fernandez og Nestor Kirchner.

Fernandez hefur verið forseti landsins frá árinu 2007, en Kirchner, sem var eiginmaður hennar en nú er látinn, var forseti á undan henni, eða frá árinu 2003 til 2007.

Bæði voru þau vinstrisinnuð, stóðu í langvinnum átökum við erlenda lánardrottna og áttu í erfiðum samskiptum við Bandaríkin.

Macri kemur úr viðskiptaheiminum og hyggst bæta samskiptin, bæði við erlenda lánardrottna og Bandaríkin. Hann hefur meðal annars heitið því að fella niður tolla og gjöld af ýmsu tagi til að auðvelda erlendum fjárfestum að koma til landsins og koma þannig efnahagslífinu í gang.

Hann hefur heitið því að létta höftum af gjaldeyriskaupum, sem talið er að muni hafa í för með sér djúpa gengisdýfu argentínska pesóans, með tilheyrandi kaupmáttarskerðingu almennings. **– gb**

**»** Maricio Macri ætlar að fara allt aðra leið en forverar hans í embætti.






# Auka fé til kirkjunnar um 370 milljónir króna

**Breytingatillögur ráðuneytanna við fjárlagafrumvarpið kosta 6,7 milljarða króna. 370 milljónir fara aukalega til kirkjunnar á þessu ári. Nefndarmaður í fjárlaganefnd vonsvikinn yfir að greiðslur til aldraðra og öryrkja hækki ekki.**

**ALÞINGI** Veita á 370 milljónir króna á fjáraukalögum þessa árs til þjóðkirkjunnar samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eru þessir fjármunir veittir kirkjunni til að virða samning kirkju og ríkis frá því á tíunda áratug síðustu aldar. Sömu heimildir herma að aukið fé fari einnig til kirkjunnar á næsta ári.

Breytingatillögur ríkisstjórnar við fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar nema samtals 6,7 milljörðum króna samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Fjárlaganefnd fékk frumvarpið með breytingatillögum til meðferðar í gær ásamt fjáraukalagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Bjóða á út þrjár nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2016 ef marka má breytingatillögu velferðarráðuneytis við fjárlagafrumvarp þess árs sem nú er í vinnslu fjárlaganefndar. Óskað er eftir 70 milljónum króna til að borga húsaleigu vegna þriggja einkarekinna heilsugæslustöðva.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir ekkert hafa verið ákveðið í þeim efnum. „Markmiðið er að fjölga heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvert rekstrarformið er. Vinnu við gerð kröfulýsingar og fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar er ekki lokið og að því leyti er orðalag breytingatillögunnar ónákvæmt,“ segir Kristján Þór.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, segir að þó gjöld hækki þá eigi ríkissjóður vel fyrir þessum útgjöldum. „Það eru tekjur á móti, tekjur aukast mikið, en ég tel þessu vel varið því allar þessar breytingar eru í þágu grunnþjónustunnar og grunnstoðirnar þurfa að vera í lagi ef við eigum að reka hér öflugt samfélag,“ segir Vigdís.



Önnur umræða um fjárlög mun fara fram á næstunni. Breytingatillögur ráðuneytanna gera ráð fyrir 6,7 milljarða útgjaldaauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Oddný Harðardóttir**
þingmaður Samfylkingarinnar

„Það sem okkur þykir miður er að ekki er í fjáraukalagafrumvarpinu tekið á kjaramálum eldri borgara og öryrkja,“ segir Oddný Harðardóttir, nefndarmaður Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd. „Ég hefði viljað sjá hækkun á fjáraukalögum frá 1. maí síðastliðnum og sams konar hækkun á fjárlögum til að mæta þeirri hækkun sem aðrir fengu í kjarasamningum ársins. Aldraðir og öryrkjar eru sannarlega á lægstu laununum í þessu þjóðfélagi. Aldraðir og öryrkjar sitja eftir.“

Fjöldi breytingatillagna er gerður við það fjárlagafrumvarp sem lagt var fram í september. Til að mynda hefur Vigdís Hauksdóttir sagt að 400 milljóna aukið framlag fari til löggreglunnar til almennrar löggæslu. Einnig hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að 165 milljónum króna verði varið til forsætisráðuneytisins vegna laga um verndarsvæði í byggð.

**sveinn@frettabladid.is**

TOYOTA

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

ALWAYS A BETTER WAY




# VETRARBÚNINGUR AÐ ÞÍNU VALI

**Allt að 200 þúsund kr. aukahlutapakki og vetrardekk fylgja með í kaupunum við afhendingu, fram að áramótum.**

**Verð frá 3.590.000 kr.****

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

## NÝR AURIS HYBRID TOURING SPORTS

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu.
Auris Touring Sports er með ríkulegum staðalútbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.
Láttu hjartað ráða för.

Fáðu að vita meira á Toyota.is/auris

## GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í nóvember****

**Verð fyrir Auris Touring Sports Live með 1.33 bensínvél eða 1.4 dísilvél.
***Gildir ekki með öðrum tilboðum.
****Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




TIL SÖLU
Bæjarlind 6 – 201 Kópavogur
Verslunarhúsnæði
Stærð samtals 695,1 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Til sölu gott 695,1 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði við Bæjarlind 6 í Kópavogi. Mjög góð staðsetning og mikill sýnileiki m.a. frá Fífuhvammsvegi. Eignin skiptist í fjögur fastanúmer og eru rýmin aðskilin, frá 138 - 257 fm. Leigutekjur á hluta húsnæðisins. Laust við kaupsamning. Til greina kemur að selja hvert rými fyrir sig.




Fjölmenning, stjórnmál og fjölmiðlar

Þáttur stjórnmála og fjölmiðla í umræðum um fjölmenningarsamfélagið er fyrsta viðfangsefnið í nýrri fundaröð Háskóla Íslands sem ber yfirskriftina **Fræði og fjölmenning**. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 25. nóvember nk. kl. 12.00 til 13.15 í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands** og er öllum opinn. Fundaröðinni er ætlað að stuðla að fræðslu, rannsóknum og upplýstri umræðu um fjölmenningarsamfélagið, málefni innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda.

**Dagskrá**

**Jón Atli Benediktsson**, rektor Háskóla Íslands, setur fundinn.

**Kristín Loftsdóttir**, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, mun fjalla um kynþáttahyggju í sögulegu samhengi og tala um Ísland og fordóma í samanburði við önnur lönd og velta upp þýðingu þessa í samtímanum.

**Ólafur Þ. Harðarson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, mun fjalla um þjóðernissinnaða popúlistaflokka á Norðurlöndum.

**Helga Ólafs**, aðjúnkt í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, mun fjalla um framsetningu frétta og orðræðu um innflytjendur í fjölmiðlum. Þá mun hún varpa ljósi á hlutverk fjölmiðla við að þróa ríkjandi ímyndir af minnihlutahópum.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



Lögreglu- og hermenn fyrir utan aðallestarstöðina í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Leitin heldur áfram í Belgíu

**Lögreglan í Belgíu hafði í gær ekki haft uppi á Salah Abdeslam, þrátt fyrir dauðaleit í Brussel sólarhringum saman. Frakklandsforseti er á fleygiferð um heiminn að safna liði gegn Daish-samtökunum.**

**BELGÍA** Eins konar umsátursástand hefur ríkt í Brussel þrjá sólarhringa í röð. Almenningssamgöngur liggja niðri, skólar eru lokaðir og verslunarmiðstöðvar mannlausar.

Í gær voru fimm manns handteknir til viðbótar þeim 16, sem handteknir voru á sunnudag. Ekkert bólar þó á Salah Abdeslam, 26 ára gömlum Frakka, sem talinn er hafa tekið þátt í árásunum í París fyrir rúmri viku.

Abdeslam hefur búið í Brussel eins og að minnsta kosti þrír aðrir úr hópi árásarmannanna frá París.

Gerð var húsleit í gær í fimm íbúðum í Brussel og nágrenni. Einnig var leitað á tveimur stöðum í Liège.

Yfirvöld hafa hert öryggisráðstafanir verulega, meðal annars við byggingar Evrópusambandsins í borginni, og segja enn verulega hættu á að alvarleg árás verði gerð í Brussel.

Íbúar borgarinnar eru margir hverjir óttaslegnir vegna ástandsins, en borgaryfirvöld leggja þó áherslu á að fólki sé almennt óhætt að vera á ferli úti við. Samt eigi fólk að forðast að gera sér ferð að óþörfu á fjölfarna staði.

Í Frakklandi hafa öryggisráðstafanir einnig verið hertar víða um land. Almennir lögreglumenn eru nú vopnaðir byssum, meira að segja í frítíma sínum.

François Hollande Frakklandsforseti boðar hertar árásir á bækistöðvar Daish-samtakanna í Sýrlandi. Þessi samtök, sem nefna sig Íslamskt ríki, hafa lýst yfir ábyrgð sinni á árásunum í París sem kostuðu 130 manns lífið.

Hollande átti í gær fund með David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sem sagðist styðja algerlega viðbrögð Hollandes við árásunum.

Hollande ætlar svo í dag að ferðast á fund Baracks Obama Bandaríkjaforseta. Á morgun tekur hann á móti Angelu Merkel Þýskalandskanslara í París og á fimmtudag heldur hann til Moskvu að hitta Vladimír Pútín Rússlandsforseta.

Pútín var svo sjálfur á ferðinni í gær og hitti bæði Hassan Rúhani forseta og æðsta leiðtogann Ali Khameini, meðal annars til að ræða við þá um loftárásir Rússa á uppreisnar- og hryðjuverkamenn í Sýrlandi.

Í leiðinni tilkynnti hann að banni Rússa við því að flytja til Írans tækjabúnað, sem nota má til auðgunar úrans, yrði aflétt. Á vef rússneskra stjórnvalda kemur fram að þessa stefnubreytingu megi rekja til þess að Rússum verði nú kleift að flytja auðgað úran inn frá Íran.

gudsteinn@frettabladid.is

# Stærsti samruni lyfjafyrirtækja í sögunni

**VIÐSKIPTI** Í gær tilkynnti bandaríski lyfjaframleiðandinn Pfizer að samningar hefðu náðst um yfirtöku fyrirtækisins á Allergan. Samningurinn er metinn á 160 milljarða Bandaríkjadala, 21.000 milljarða íslenskra króna. Því er um að ræða stærsta lyfjafyrirtækjasamruna sögunnar.

Um er að ræða sameiningu Pfizer og frumlyfjahluta Allergan og hefur samkomulag þetta ekki áhrif á fyrirhuguð kaup Teva á samheitalyfjahluta fyrirtækisins sem tilkynnt var um í júlí á þessu ári. Samheitalyfjahluti fyrirtækisins starfar að mestu undir nafni Actavis víða um heim, þar á meðal á Íslandi, en hér á landi er fyrst og fremst starfsemi á sviði samheitalyfja.

Sérfræðingar telja að eftir samninginn muni Pfizer flytja höfuðstöðvar sínar til Dublin á Írlandi og þannig forðast háa fyrirtækjaskatta Bandaríkjanna.



Pfizer hefur keypt Allergan fyrir 21 þúsund milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ian Read, forstjóri Pfizer, mun verða forstjóri og stjórnarformaður nýju samstæðunnar, að því er segir í frétt BBC um málið. Brent Saunders, forstjóri Allergan, mun verða framkvæmdastjóri rekstrarsviðs samstæðunnar.

Yfirtakan er ein af fjölmörgum þar sem bandarísk fyrirtæki kaupa evrópsk fyrirtæki og flytja höfuðstöðvar sínar til að forðast háa fyrirtækjaskatta. – sg

PIPAR\TBWA • SÍA • 155625

# -13 kr.

HJÁ ÓB OG OLÍS

# 4x

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

## 13 KR. AFSLÁTTUR Í DAG

AF ELDSNEYTISLÍTRANUM MEÐ LYKLI EÐA KORTI HJÁ ÓB OG OLÍS OG FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

**Dæmi:** 600 Vildarpunktar ef þú kaupir fyrir 10.000 krónur.




ICELANDAIR

Tengja þarf lykilinn við Visa Icelandair, American Express kreditkort eða Einstaklingskort Olís til að safna Vildarpunktum Icelandair. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi Olís eru á **olis.is/vidskiptakort/vildarkerfi**.

**Sæktu um lykil eða kort á olis.is**

# Óttaviðbrögð



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Ekki þarf mikið til að æra óstöðuga og kemur ekki á óvart að í ákveðnum hópum hér á landi hafi forsprökkum hryðjuverkaárásanna í París tekist að æsa upp fordóma og hatur á öðru fólki. Í slíku andrúmslofti er sérstaklega mikilvægt að sæmilega hugsandi fólk gæti að því að bæta ekki olíu á eld sundrungar og ótta.

Fyrir utan sóðaorðræðu brenglaðs fólks á netinu eru nærtæk úr fréttum síðustu daga tvö dæmi um aukna fordóma. Einstæð móðir í húsnæðisvanda fékk þau svör hjá leigusala í Reykjavík að hann vildi ekki leigja henni vegna þess að hún væri múslimi. Konan er flóttamaður frá Gaza í Palestínu.

Þá kom upp í gær að skemmdarverk hefðu verið unnin á Menningarsetri múslima í Reykjavík. Krotað hafði verið á dyr, glugga og á þak. Og þótt Ahmad Seddeeq, ímam í Menningarsetrinu, segist ekki búast við viðlíka hatursglæpum hér á landi og komið hafa upp í nágrannalöndunum, þar sem moskur hafa verið brenndar, er ástæða til að hafa vara á.

„Hér ættum við að sameinast um að vera í friði og ekki láta afvegaleiðast af vanþekkingu eða dreifa hatri og fordómum,“ sagði Seddeeq í fréttum Bylgjunnar í gær og er óhætt að taka undir með honum þar. „Við í Menningarsetrinu erum þeirrar skoðunar að sá eða þeir sem gerðu þetta séu ekki fulltrúar almennings á Íslandi,“ sagði hann líka. Og það er líka rétt. Þetta eru fávitar.

Öll trúarbrögð eiga sína öfgahópa og sjálfsagt er að berjast gegn áhrifum þeirra. Í þeirri baráttu á allur meginþorri fólks, sama hverrar trúar hann er. Þess vegna er ástæðulaust að beina sjónum sérstaklega að einhverjum einum trúarbrögðum. Orsaka ofbeldisins er enda að leita annars staðar en í trúarbrögðunum sjálfum, þótt þau kunni að þykja hentug til réttlætingar. Ræturnar liggja í misskiptingu og óréttlæti, bæði milli landa og þjóðfélagshópa.

Ofbeldisverkin eru líka vatn á myllu einangrunarsinna og annarra sem vilja ala á og nýta sér ótta fólks. Það er hins vegar ekki félegt samfélag manna þar sem ótti og fáfræði ráða för.

Sem betur fer á sér stað opinská umræða um þessi mál, sér í lagi þar sem málsmetandi fólk þykir hafa farið út af sporinu í viðbrögðum við ódæðisverkunum í París. Þannig hefur Baldur Þórhallsson prófessor gagnrýnt Ólaf Ragnar Grímsson forseta fyrir að beina sjónum sínum sérstaklega að múslimum í umræðu um atburðina, vara við tilraunum Sádi-Araba til að styrkja félög múslima hér á landi og fyrir að velta upp spurningum um úrgöngu úr Schengen-landamæraeftirlitinu.

„Það er nokkuð ljóst að forseti Íslands hefur hagað orðum sínum með þeim hætti að þau hafa frekar leitt til sundrungar í samfélaginu heldur en sameiningar,“ segir Baldur. Forsetinn er nefnilega forseti allra Íslendinga, líka múslima.

Velta má því fyrir sér hvort ótti við einstök trúarbrögð, erlent fjármagn (olíuauð og peninga kínverskra fjárfesta) eða samstarf fullvalda ríkja endurspegli vantrú á innviðum samfélagsins, lagaumhverfi og getunni til að taka á hvers konar glæpum. Leiðin áfram hlýtur að snúast um að bæta úr þar sem úrbóta er þörf, heima og á heimsvísu, en láta ekki óttann ráða för.

> **Öll trúarbrögð eiga sína öfgahópa og sjálfsagt er að berjast gegn áhrifum þeirra. Í þeirri baráttu á allur meginþorri fólks, sama hvaða trúar hann er. Þess vegna er ástæðulaust að beina sjónum sérstaklega að einhverjum einum trúarbrögðum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ál í ál í Straumsvík**

**Líkur eru nú á því að álverinu í Straumsvík verði lokað fyrir fullt og allt á næstu vikum og mánuðum. Harðar deilur hafa staðið yfir síðustu mánuði um kaup og kjör starfsmanna í álverinu þar sem móðurfyrirtæki álversins ytra hefur þrýst á að ákveðin niðurstaða náist í kjaradeiluna. Rio Tinto Alcan hefur á síðustu árum lokað nokkrum álverum úti um allan heim. Því er raunverulega hætta á að það gerist hér á landi líka. Á fimmta hundrað starfsmanna vinnur í Straumsvík auk þess sem önnur fyrirtæki þjónusta álverið. Því yrðu afleiðingarnar gífurlegar ef álverinu yrði lokað.**

**Rólegt á vígstöðvunum**

**Kjarninn greinir frá því að þessi þingvetur sé sá rólegasti á þessari öld. Fréttablaðið hefur einnig ítarlega gert grein fyrir því hversu fá mál ríkisstjórnarinnar hafi ratað til þingsins það sem af er þingvetri. Það sem er þó áhugavert er að stjórnarandstaðan hefur kveinkað sér mikið þetta haustið. Í aðra röndina gagnrýna þau ríkisstjórn fyrir að eyðileggja hitt og þetta en í hina fyrir að gera ekki neitt. Ætti það ekki að vera fagnaðarefni fyrir stjórnarandstöðu að meirihlutinn geri ekki neitt, ef hann er svona svakalega slæmur?**

sveinn@frettabladid.is

# Listin að lifa saman



Derya Ozdilek
formaður Félags Horizon



Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Við höfum tekið skref í þá átt að geta sagt það list að lifa saman. List sem skapast af fjölbreytileika mannlífs, ólíkum bakgrunni okkar, venjum, gildum, menningu og trúararfi.

Við trúum því að fjölbreytileiki leysi ekki einungis úr læðingi sköpunarkraft í samfélaginu, heldur gegni mikilvægu hlutverki í þeirri list að lifa saman. Á þeirri trú byggjum við í Neskirkju og Félagi Horizon það samstarfsverkefni að halda Ashura-hátíð að tyrkneskum sið.

Markmiðið er að sýna fram á að hver samfélagshópur eigi sín litbrigði og sinn sess í samfélaginu. Með því að leggja saman litbrigði samfélagshópa skapast það sem við nefnum listina að lifa saman.

Innblástur verkefnisins kemur frá Nóa spámanni. Þegar Nói fann loks þurrt land fagnaði hann með því að útbúa búðing með þeim ólíku hráefnum sem hann fann.

Þrátt fyrir að hráefnin hafi verið óvenjuleg og ólík að lit og lögun, var útkoman svo góð að hefðinni hefur verið viðhaldið til okkar daga.

Í Ashura-búðingnum, sem boðið verður upp á á hátíðinni, hefur hvert hráefni sitt sérkennandi bragð, sitt litbrigði og sín áhrif á bragðlauka og líkama þess sem neytir.

Hvert hráefni er einstakt og hefur sín sérkenni. Ashura táknar þann fjölmenningar- og fjöltrúarbragðaheim sem við lifum í og samanstendur af ólíkum einstaklingum og þjóðfélagshópum, sem hafa hvert sitt sérkenni og hlutverk við að mynda litríkt samfélag.

Öll höfum við okkar sérkenni að leggja til samfélagsins. Hvern einstakling skyldi virða og elska að eigin verðleikum og þeirri elsku náum við með því að koma saman sem eitt mannkyn.

Þess vegna erum við, í Neskirkju og Félagi Horizon, innblásin af sögunni af Ashura-búðingi Nóa spámanns.

> **Með því að leggja saman litbrigði samfélagshópa skapast það sem við nefnum listina að lifa saman.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# TiSA-samningurinn og lýðræði á útsölu



Bergsveinn Birgisson
rithöfundur

> **Nú eru umræður komnar í gang um sæstreng frá Íslandi, og fræg söngkona hefur beðið alþjóðasamfélagið um að „bjarga okkur frá ríkisstjórninni“. Ef marka má það sem lekið hefur um TiSA-samninginn, væri nær að biðja um björgun frá honum.**

Ísland er eitt þeirra 50 þjóðríkja innan WTO (World Trade Organisation) sem nú taka þátt í gerð alþjóðlegs samnings sem á yfirborðinu á að snúast um hagræðingu allrar þjónustu landa á milli, en snýst í raun um endanlega yfirtöku stórfyrirtækja á öllum sviðum mannlífs og náttúru. Þetta er svokallaður TiSA-samningur (Trade in Services Agreement).

Ef ekki væri fyrir WikiLeaks væru allflestir óvitandi um hvað málið snýst, því öllum umræðum og samningnum sjálfum á að halda leyndum fyrir almenningi fram að undirritun og til næstu fimm ára eftir gildistöku. Samningurinn sjálfur er settur fram í nafni „gagnsæis“. Jafnvel nasistarnir voru ærlegri að því leyti að þeir gerðu heiminum ljóst hver stefna þeirra væri. Nýlega birti breska Oxfamstofnunin skýrslu sem sýnir að 1% jarðarbúa á nú meira en hin 99%. Af TiSA-samningnum má sjá að prósentið eina og útvalda ætlar ekki að gefa sig fyrr en það á bókstaflega allt.

Í þessum sem og öðrum fríverslunarsamningum er kveðið á um hvernig stórfyrirtæki geta rekið dómsmál gegn þjóðríkjum fyrir gerðardómi ef þeim finnst brotið á sér eða markaðslegt olnbogarými þeirra skert svo það bitni á gróða þeirra. Þessi gerðardómur er skipaður þremur lögfræðingum, hvar tveir þeirra eru oftast hallir undir hag fyrirtækisins, en einn frá landinu sem reynir að spyrna gegn hnattræna túrbókapítalismanum.

Nú þegar hafa slík mál farið í gegn vegna annarra fríverslunarsamninga. Sænska fyrirtækið Vattenfall fór í mál við Hamborg í Þýskalandi, sem ætlaði að reyna að minnka umsvif kolaorkuvers í bænum í nafni hreinna lofts. Þýskaland þurfti að beygja sig í málinu. Franska stórfyrirtækið Veolia fór í mál við Egyptaland af því að ríkisstjórnin lögfesti lágmarkslaun þegnanna. Philip Morris tóbaksfyrirtækið fór í mál við Ástralíu af því að þeir vildu skerða tóbaksauglýsingar, og svo mætti lengi telja.

**Gefið alræðisvald**

Með TiSA-samningnum er stórfyrirtækjum gefið alræðisvald í nafni markaðstrúar, fríverslunar og „hagræðingar“. Samningurinn mun ná utan um 70% alþjóðamarkaðsins af allri þjónustu, allt frá fjármálum til heilbrigðismála. Á WikiLeaks má lesa að ákvæði um einkavæðingu eru óafturkallanleg, það þýðir að lönd geta ekki gert lykilþjónustu opinbera á ný, þótt þau muni upplifa að allt versni þegar fjarlægt stórfyrirtæki fer að reka elliheimili og leikskóla landsins. Og þótt undanþága fáist varðandi lykilþjónustu, snýst mannlífið um margt fleira. Hér er verið að umbylta hversdagslífi okkar allra; lýðræði, kjarabarátta margra kynslóða og hugsjónir um réttlátari auðæfaskiptingu eru seld á einu bretti.

Nú mun loftslagsráðstefnu í París brátt hleypt af stokkunum, og þjóðir vonandi skuldbinda sig til að minnka útlosun koltvísýrings og eiturefna. Ef TiSA-samningurinn gengur í gildi geta sömu þjóðríki lent í málaferlum við stórfyrirtæki innan stóriðju sem munu telja á sér brotið, og í raun tapað málinu eins og reglan er. Nú eru umræður komnar í gang um sæstreng frá Íslandi, og fræg söngkona hefur beðið alþjóðasamfélagið um að „bjarga okkur frá ríkisstjórninni“. Ef marka má það sem lekið hefur um TiSA-samninginn, væri nær að biðja um björgun frá honum. Ef alþjóðleg stórfyrirtæki munu standa að fjármögnun og framkvæmd, verða þeirra hagsmunir í fyrirrúmi. Af öllu að dæma geta þau farið í mál við ríkið ef land eða fossar eru friðaðir. Kannski eygja þau mikla möguleika í risastíflu við Þingvallavatn? Þá mætti yrkja: „Nú er hún Snorrabúð sokkin.“

Hér er um að ræða eina mikilvægustu ákvörðunartöku seinni tíma, er getur skilið á milli þess hvort sómasamlegu mannlífi þoki nokkuð á leið eða hvort Markaðsins útvöldu, stórfyrirtæki með gróðahugsun eina, muni fá að stofna til einræðis og þrælahalds í anda fornaldar. Að ætla að gefa stórkapítalnum lýðræði landa og þjóða með slíku leynimakki er gróteskur glæpur gegn þegnunum. Opin umræða er fyrsta skref í að afstýra slíku slysi.

# Hraðvirkustu almenningssamgöngurnar



Jón Karl Ólafsson
framkvæmdastjóri innanlandsflugssviðs Isavia

> **Við þurfum að vinna saman að því að byggja upp góða aðstöðu, svo hægt sé að fjölga farþegum, bæði í innanlandsflugi og alþjóðaflugi.**

Það er hverju landi nauðsynlegt að búa yfir góðu og öruggu samgöngukerfi sem tengir landshlutana saman. Það er sérstaklega mikilvægt í harðbýlu landi eins og Íslandi, þar sem fjarlægðir geta oft verið miklar. Það hvernig samgöngunum er háttað er pólitísk ákvörðun, hvort fólk ferðist um á eigin vegum eða hvort stjórnvöld komi að uppbyggingu og rekstri kerfis almenningssamgangna.

Engum blöðum er um það að fletta að flug er hraðvirkasta og skilvirkasta almenningssamgangnakerfið. Sé það vilji ráðamanna, og þjóðarinnar, að halda uppi góðum almenningssamgöngum um landið er því einboðið að byggja innanlandsflugið upp.

Þar kemur Isavia að málum sem rekstraraðili flugvalla. Isavia hefur markvisst unnið að því undanfarin ár að markaðssetja Ísland sem áfangastað í alþjóðlegum flugleiðum. Það hefur skilað sér í mikilli aukningu umferðar um Keflavíkurflugvöll, en það eflir einnig innanlandsflugvellina.

Sú ánægjulega staða er nú komin upp að um tvo þeirra, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, verður alþjóðleg umferð flugvéla á næsta ári. Einnig hefur ríkisstjórnin sett á laggirnar sérstakan sjóð sem hefur það markmið að auka millilandaflug um Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Isavia fagnar því og hlakkar til að vinna með heimamönnum að því að efla millilandaflug um þessa tvo flugvelli. Vinna þarf að markaðsmálum, bæði heima en ekki síst erlendis, svo þetta verði lífvænlegir millilandaflugvellir á næstu árum.

Með markvissu starfi og samvinnu ferðaþjónustunnar gætu flugvellirnir tveir sinnt margfalt fleiri farþegum á hverju ári. Í þessari vinnu má ekki gleyma mikilvægi flugsamgangna innanlands því þær eru grundvöllur fyrir því að flugvellirnir geti vaxið áfram.

Hagsmunir Isavia, sem rekstraraðila flugvalla, fara saman við hagsmuni ferðaþjónustunnar. Við þurfum að vinna saman að því að byggja upp góða aðstöðu, svo hægt sé að fjölga farþegum, bæði í innanlandsflugi og alþjóðaflugi. Bæði Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur geta tekið við miklum fjölda farþega á ári óbreyttir.

Efling innanlandsflugvalla og innanlandsflugsins almennt er því öllum í hag. Sé það vilji okkar að flug verði áfram hluti af almenningssamgöngukerfi landsins þurfum við að taka höndum saman og byggja upp til framtíðar.





Alfreð í baráttu við Arsenal-manninn Alexis Sanchez í leik Olympiakos og Arsenal í Meistaradeild Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Það er allt hægt í fótbolta

Alfreð Finnbogason og félagar í Olympiakos mæta Bayern München á hinum magnaða Allianz-leikvangi í München. Alfreð er ósáttur við hversu lítið hann hefur fengið að spila en vonast eftir tækifæri í kvöld.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Gríska liðið Olympiakos er sjóðheitt um þessar mundir. Liðið hefur unnið alla tíu leiki sína í grísku úrvalsdeildinni til þessa með markatölunni 28-4 og síðustu þrjá í Meistaradeild Evrópu. Grikkina vantar aðeins eitt stig til að tryggja sér sæti í 16-liða úrslitunum og það gæti komið í kvöld.

Verkefnið er reyndar ærið en Olympiakos mætir þá Þýskalandsmeisturum Bayern München á Allianz-leikvanginum í München. Bayern hefur unnið alla heimaleiki sína í deildinni þar í haust og tvo leiki í Meistaradeildinni með markatölunni 10-1. Liðin eru efst og jöfn í F-riðli með níu stig hvort en Arsenal og Dinamo Zagreb eru með þrjú.

„Við gerum okkur alveg grein fyrir því hverjum við erum að fara að mæta,“ segir Alfreð í samtali við Fréttablaðið. Hann er nýkominn upp á liðshótelið í München eftir skrautlega helgi. Aflýsa þurfti leik erkifjendanna Panathinaikos og Olympiakos vegna óláta stuðningsmanna fyrrnefnda liðsins en Alfreð fékk til að mynda logandi blys í sig þegar hann var ásamt félögum sínum að taka út aðstæður á vellinum.

Alfreð mun eins og fleiri sem málinu tengjast fara fyrir sérstaka nefnd í Grikklandi vegna málsins þar sem hann mun gefa skýrslu. Þangað til er honum óheimilt að ræða það við fjölmiðla.

**Engin útivallargrýla**

Það átti eftir að fara nákvæmlega út í leikskipulag Olympiakos fyrir leikinn þegar Alfreð ræddi við Fréttablaðið en hann þóttist vita að liðið myndi nálgast leikinn af varfærni.

„Það verður gott skipulag á liðinu, rétt eins og í fyrri leiknum,“ sagði hann en þegar liðin mættust í fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í haust þá unnu Þjóðverjarnir 3-0 sigur í Piraeus. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoraði Thomas Müller snemma í þeim síðari en hin tvö mörkin komu ekki fyrr en í blálokin og annað þeirra var víti.

Grísk lið hafa sjaldnast átt góðu gengi að fagna í útileikjum í Evrópukeppni en Olympiakos hefur sýnt í ár að það getur staðið í hverjum sem er. 3-2 sigurinn á Arsenal, þar sem Alfreð skoraði eftirminnilega sigurmarkið, og 1-0 sigur á Dinamo Zagreb sýna það.

„Það er allt hægt í fótbolta og við förum með rétt hugarfar í hvern einasta leik. Þegar dregið var í riðla þá reiknuðu ef til vill ekki margir með því að við færum langt en allir í klúbbnum og stuðningsmenn eru bjartsýnismenn. Það hefur allt gengið upp á tímabilinu til þessa.“

**Þreyttur á spurningunum**

Alfreð hefur áður greint frá því hversu erfitt það er að sætta sig við að vera á hliðarlínunni eins og hefur oftast verið hlutskipti hans í haust. Hann var í byrjunarliðinu í fyrstu umferð deildarkeppninnar en hefur síðan komið aðeins við sögu sem varamaður, hvort sem er í deildinni heima eða í Meistaradeildinni.

„Þetta gengur upp og niður hjá manni. Þetta er hugarleikfimi enda finnst engum skemmtilegt að vera í þessari stöðu,“ segir Alfreð spurður um hvernig honum gangi að halda fullri einbeitingu. „Maður er auðvitað þreyttur á spurningum um þessi mál. Þetta er svipað og með landsliðið. En ég geri allt sem ég get gert og svo er þetta í höndum annarra.“

**Fáránleg ákvörðun**

Sem fyrr segir náði Alfreð að vekja mikla athygli á sér þegar hann tryggði Olympiakos 3-2 sigur á Arsenal í Lundúnum, eftir að hafa komið inn á sem varamaður. En honum þykir óskiljanlegt að vita til þess að hann fékk ekki fleiri tækifæri eftir þá góða innkomu.

„Það er fáránleg ákvörðun að framherji sem skorar sigurmark skuli vera settur á bekkinn næstu fjóra leiki á eftir. Það sendir ákveðin skilaboð og sýnir að maður er að synda gegn sterkum straumum. Það er greinilega búið að taka ákvörðun og ekkert sem breytir því, sama hvað gerist. Það er mjög sérstakt.“

Alfreð segir að hann hafi komið til Grikklands undir ákveðnum formerkjum og því hafi þróun mála komið honum mjög á óvart. „En svo var keyptur nýr framherji til liðsins og þá er eins og allt hafi breyst. Ég geri mér vel grein fyrir því að það er mikil samkeppni um stöður í liði sem er við það að komast í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar en manni þætti eðlilegt að samkeppnin væri sanngjörn. Mér finnst að það ekki hafa verið tilfellið.“

> Það er fáránleg ákvörðun að framherji sem skorar sigurmark skuli vera settur á bekkinn næstu fjóra leiki á eftir.



**Skoða stöðuna í janúar**

Lánssamningur Alfreðs er til loka tímabilsins í Grikklandi en hann er á mála hjá Real Sociedad á Spáni, sem skipti nýverið um þjálfara. Alfreð útilokar ekki að skoða stöðu sína í janúar ef ekkert breytist.

„Maður hefur velt öllu fyrir sér og ég útiloka ekki neitt. Maður vill auðvitað fá að spila en það er margt sem hefur áhrif á svona ákvörðun. Ég er auðvitað með samning og ég mun auðvitað virða hann.“

Þangað til að kemur að því mun Alfreð nýta öll þau tækifæri sem hann fær og hann vonast vitaskuld til þess að það komi í kvöld. „Þetta verður afar skemmtileg upplifun. Hér er gríðarlega mikil saga og hér vilja allir knattspyrnumenn fá tækifæri til að spila,“ segir Alfreð sem myndi vitanlega ekki leiðast að fá tækifæri til að taka þátt í því að valda stórliði Bayern skráveifu.

„Það væri geggjað,“ segir hann og hlær. „En ég hef ekki hugsað mikið um það. Ég einbeiti mér að því að vera tilbúinn ef til mín verður leitað. Það er stærsta atriðið.“

## Nýjast

ÓLAFUR AFTUR TIL SVÍÞJÓÐAR

Ólafur Guðmundsson, landsliðsmaður í handbolta, er á leiðinni aftur til IFK Kristianstad í sænsku úrvalsdeildinni í handbolta, en hann er á mála hjá Hannover-Burgdorf í þýsku 1. deildinni. Hann hefur verið mikið meiddur og aðeins skorað fjögur mörk til þessa í tíu leikjum. Ólafur var í stærra hlutverki hjá liðinu á síðustu leiktíð eftir að hafa slegið í gegn með Kristianstad árið áður. Hann var áður á mála hjá dönsku liðinum AG Kaupmannahöfn og Nordsjælland. Kristianstad er í efsta sæti sænsku deildarinnar.



Ætli ég sé meiðslapési því ég er Arsenal-fan, eða Arsenal-fan af því ég er meiðslapési ?!

Eva Hafdís
@Eva Hafdis

INGÓLFUR SAMDI VIÐ FRAM

Ingólfur Sigurðsson er genginn til liðs við Fram og hefur skrifað undir tveggja ára samning við félagið. Hann var samningslaus eftir að hafa spilað með Víkingi Ólafsvík síðastliðið sumar en liðið vann 1. deild karla með tíu stiga mun og tryggði sér sæti í Pepsi-deild karla. Ingólfur var fastamaður í liði Víkings í sumar. Hann spilaði samtals 21 deildarleik og skoraði þar sex mörk. Hann er aðeins 22 ára gamall en á þrátt fyrir það langan feril að baki. Hann lék með unglingaliðum Heerenveen á sínum tíma sem og Lyngby í Danmörku. Þá hefur hann áður verið á mála hjá Val, KR, Þrótti og KV

Nælið ykkur í miða á kvennalandsleikinn á miðvikudag, það eru töggur í liðinu okkar, styðjum þær vel í Höllinni #korfubolti #EuroBasket2017

Jón Björn Ólafsson
@JonBjornOlafs

GEIR HITTI FIFA-FRAMBJÓÐENDUR Í KAUPMANNAHÖFN

Formenn knattspyrnusambandanna á Norðurlöndum, þar á meðal Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hittu fjóra forsetaframbjóðendur FIFA á fundi í Kaupamannahöfn í gær. Þetta voru þeir Jerome Champagne, Gianni Infantino, Prince Ali og Tokyo Sexwale. Frambjóðendurnir fengu þarna tækifæri til að kynna sínar hugmyndir og framtíðarsýn fyrir formönnum Norðurlandaþjóðanna. „Forsetarnir hafa ekki ákveðið hvern þeir styðja sem nýjan forseta FIFA. Þeir munu núna fara innbyrðis yfir allt sem þeir heyrðu og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvern skal kjósa,“ sagði í sameiginlegri tilkynningu eftir fundinn.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport 4 |
| 19.45 | Arsenal - Dinamo | Sport |
| 19.45 | Maccabi - Chelsea | Sport 3 |
| 19.45 | Bayern - Olympiacos | Sport 5. |
| 19.45 | Barcelona - Roma | Bravó |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**TILBOÐ 1.650.000 kr.**
**Citroën C1 Feel** VMH14
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár
~~Verð1.750.000 kr.~~



**TILBOÐ 1.690.000 kr.**
**Citroën C3 Seduction** SXG47
Skráður júní 2014, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð. Litur: Blár
~~Verð1.790.000 kr.~~



**2.690.000 kr.**
**Ford Fiesta Titanium** YMF04
Skráður maí 2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 26.500 km. Í ábyrgð. Litur: Hvítur



**2.550.000 kr.**
**Citroën C4 Cactus Feel** IKD63
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 24.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár/svartur



**TILBOÐ 2.450.000 kr.**
**Ford Focus Trend** YBU00
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 76.000 km. Litur: Brúnn
~~Verð 2.650.000 kr.~~



**TILBOÐ 2.890.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition ST** IKG91
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.090.000 kr.~~



**3.250.000 kr.**
**Volvo V40 Kinetic D2** FZV95
Skráður apríl 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár



**TILBOÐ 3.695.000 kr.**
**Mazda 6 Vision ST** FAB51
Skráður maí 2014, 2,2TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.890.000 kr.~~



**TILBOÐ 3.980.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** FNU14
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð. Litur: Grænn
~~Verð 4.190.000 kr.~~



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Mazda 5 Advance** YTA13
Skráður apríl 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 57.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.190.000 kr.~~



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium S** NLT82
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 122.000 km. Litur: Hvítur
~~Verð 3.290.000 kr.~~



**TILBOÐ 4.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** VDY51
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 94.000 km. Í ábyrgð Litur: Steingrár
~~Verð 4.650.000 kr.~~

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristín Steingrímsdóttir**
**(Kibba)**

lést að morgni föstudagsins 20. nóvember sl. á Fossheimum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

**Úlfar Sveinbjörnsson**
**Sveinbjörn Úlfarsson Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir**
**Agla Ragna Úlfarsdóttir Brynjar Skjöldur Harðarson**
**Gunnar Steinn Úlfarsson**
**Róbert Máni, Kristín María, Iða Ósk, Aron Egill og Soffía Krista Sól**



†

Okkar ástkæra,

**Soffía Margrét Vídalín Þorgrímsdóttir**

fyrrverandi grunnskólakennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 11. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar eigin ósk.

**Bryndís Kristín Þráinsdóttir**
**Áslaug Vídalín Þráinsdóttir**
**Þorgrímur Þráinsson**
**Þorgerður Þráinsdóttir**
**Hermann Þráinsson**
**Þráinn Þorvaldsson**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Kristín Jónsdóttir**

lést fimmtudaginn 19. nóvember á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð. Sérstakar þakkir til starfsfólks Lögmannshlíðar fyrir alúð og umhyggju. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 13.30.

**Valtýr Þór Hreiðarsson Katrín Jónsdóttir**
**Valgerður Petra Hreiðarsdóttir Pétur Böðvarsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Alexander Einbjörnsson**

til heimilis að Lyngbrekku 8 í Kópavogi,

lést þann 20. nóvember á Borgarspítalanum.

**Þóra B. Alexandersdóttir Ólafur Sturla Hafsteinsson**
**Ragnheiður K. Alexandersdóttir**
**Björn E. Alexandersson Ari Halldórsson**
**Örn Alexandersson Ragnhildur Þórhallsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

www.útför.is




**„En núna horfi ég á bókaútgáfuna úr heimspekilegri fjarlægð og skil ekkert í æsingnum í fólki," segir Einar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Er bara heima á vappinu með köttunum mínum

Einar Kárason rithöfundur er sextugur í dag. Hann er þegar búinn að halda upp á þau tímamót, því er eðlilegur þriðjudagur hjá honum og fótboltaæfing með strákunum.

„Það er bara stórfínt að eiga afmæli," segir Einar Kárason rithöfundur hress. Hann er sextugur í dag og er búinn að halda upp á það. „Ég fór með nánustu fjölskyldu minni út á land um síðustu helgi, konu, börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Við leigðum okkur stórt og flott hús og höfðum það skemmtilegt þar. Svo núna er bara eðlilegur þriðjudagur hjá mér, fótboltaæfing með strákunum, eins og ævinlega en ef ég þekki suma vini og kunningja rétt munu einhverjir reka inn nefið eða að minnsta kosti hringja. Ég verð bara heima við í rólegheitum að sinna mínum daglegu störfum."

Spurður hvað hann sé að skrifa núna svarar skáldið: „Það er nú ekkert til að segja frá, ég hef verið dálítið í því sem tengist sjónvarps- og kvikmyndaverkefnum, einnig skrifa ég opnugrein í dagblað í hverri viku, svo eru alltaf einhverjar bækur í pípunum og þar detta inn kaflar."

Þetta haust er Einar ekki með neina nýja bók á markaðinum svo hann kveðst vera voða afslappaður. „Yfirleitt hefur afmælisdagurinn minn verið markaður af upplestrum, viðtölum og spenningi yfir hvar bókin mín standi á vinsældalistanum en núna horfi ég á bókaútgáfuna úr heimspekilegri fjarlægð og skil ekkert í æsingnum í fólki. Er bara heima á vappi með köttunum mínum!"

Einar er alinn upp í Hlíðunum í Reykjavík af foreldrum sem báðir eru Vestfirðingar. „Rætur mínar eru fyrir vestan, afar, ömmur, frændur og frænkur. Ég var mikið hjá þeim bæði á Ísafirði og í Hnífsdal og svo er ég ættaður úr Dýrafirðinum líka," lýsir Einar og kveðst hafa verið dálítið á sjó þegar hann var yngri. „Ég var háseti á alls konar döllum," rifjar hann upp.

„Það var svoleiðis þegar ég var í menntaskóla og háskóla að þá voru sumarfríin fjórir mánuðir og maður forframaðist alveg jafn mikið á sumrin og veturna, sigldi til útlanda og var að vinna með fullorðnu fólki í Ísbirninum. Við það efldist maður allur og lærði margt. Nú fer maður að tala eins og allt hafi verið betra í gamla daga!" **gun@frettabladid.is**



†

Elskulegur eiginmaður minn,

**Leifur Erling N. Karlsson**

Álfkonuhvarfi 65, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 3. nóvember á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ingibjörg Þ. Hafberg**



†

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Júlíusdóttur**

áður til heimilis að Kirkjulundi 6, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar hjúkrunarheimilis fyrir alúð og umhyggju.

**Júlíus Jónsson Björk Garðarsdóttir**
**Jón Gunnar Jónsson Fríða Birna Kristinsdóttir**
**Erla Jónsdóttir Grétar Helgason**
**Guðrún Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur bróðir minn og mágur,

**Kristján Björn Hinrik Sumarliðason**

sjómaður, Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þann 18. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 26. nóvember nk. kl. 13.00.

**Rúrik Sumarliðason og Guðlaug Björnsdóttir**



†

Kær vinur, félagi og frændi,

**Guðmundur Kristján Jónsson**

rennismiður, Sléttuvegi 9, Reykjavík,

lést á heimili sínu 17. nóvember sl. Útför hans verður gerð frá Seljakirkju 26. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Geðhjálp.

**Starfsfólk og íbúar í búsetukjarnanum Sléttuvegi 9 og frændsystkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Snúið að þýða læknaþætti**
**Jón Þorkell Einarsson gigtarlæknir er faglegur ráðgjafi við þýðingu á Grey's Anatomy, einum vinsælasta læknaþætti heims.**
**SÍÐA 2**








**STYÐUR VIÐ NÁTTÚRULEGA FRAMLEIÐSLU** Kollagenframleiðslan fer minnkandi eftir 25 ára aldur og þá byrja fínar línur og hrukkur að myndast. Collagen Beauty Formula styður við náttúrulega kollagenframleiðslu húðarinnar.

# MINNI HRUKKUR FRÍSKLEGRI HÚÐ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Collagen Beauty formula fyrir unglegra og frísklegra útlit. Með því að taka inn kollagen styður þú við náttúrulega kollagenframleiðslu húðarinnar. Glasið inniheldur þriggja mánaða skammt.*

„Húðin okkar er gerð úr þremur lögum og er það miðlagið (dermis) sem sér um teygjanleika hennar. Þessi teygjanleiki er tilkominn vegna prótínþráða sem heita elastín en það ásamt seigu kollageni, sem er annað prótín í þessu húðlagi, á mestan þátt í að viðhalda unglegri og frísklegri húð og koma í veg fyrir hrukkur," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi.

Eftir 25 ára aldur fer kollagenframleiðslan minnkandi og þá byrja fínar línur og hrukkur að myndast í húðinni. Collagen Beauty Formula frá Natures Aid styður við náttúrulega kollagenframleiðslu húðarinnar og er einnig talið gott fyrir hár, neglur og liði því önnur innihaldsefni eru sérvalin með það í huga.

Hvert hylki inniheldur 500 mg af hydrolýseruðu marine II kollageni.

Collagen Beauty formula er án litar- og rotvarnarefna, laktósa, gers og glútens.




**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

**COLLAGEN BEAUTY FORMULA INNIHELDUR:**
- Kollagen
- C-vítamín
- B2-vítamín
- B3-vítamín
- Bíótín
- Sink
- Kopar










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429









**Í AÐGERÐ** Flókið getur verið að þýða samtöl lækna í skurðaðgerð. NODRICPHOTOS/GETTY

# ÞÝÐIR FLÓKNU ORÐIN Í GREY'S

**LÆKNADRAMA** *Það getur verið flókið að þýða margslungið og fágætt læknisfræðilegt málfar. Það þekkir þýðandi læknaþáttanna Grey's Anatomy sem leitar til læknis með erfiðustu orðin.*

Einlægir aðdáendur Grey's Anatomy kannast líklega við nafnið Jón Þorkell Einarsson enda birtist það ávallt í lok þáttanna með titlinum faglegur ráðgjafi. Jón Þorkell starfar sem sérfræðingur í gigtarlækningum í Lundi í Svíþjóð en þar hefur hann búið í um átta ár.

„Ágústa Rúnarsdóttir, sem þýðir þættina, er vinkona mín síðan í grunnskóla. Fyrir nokkrum árum fór hún að senda á mig, í gegnum Facebook, eitt og eitt orð sem hún lenti í vandræðum með en síðan hefur þetta aðeins verið að aukast,“ segir Jón Þorkell og bætir við að sumir þættir séu erfiðari en aðrir. „Þá hafa sumar seríur verið sérstaklega krefjandi. Ég man sérstaklega eftir einni þar sem læknarnir voru einkar nýjungagjarnir og tóku upp alla nýsköpun í læknisfræðinni. Þá var mikið um nýyrðasmíði hjá okkur,“ segir hann glettinn.

Töluverð tímapressa er á þýðanda Grey's og faglegum ráðgjafa hans enda er þátturinn sýndur á Íslandi aðeins tveimur dögum eða svo eftir frumsýningu í Bandaríkjunum. „Við þurfum því að hafa hraðar hendur.“

En hvernig vinnið þið þetta? „Ágústa sendir á mig orðin í símann, ég tek mér smá umhugsunarfrest eða fletti einhverju upp og sendi svo til baka,“ lýsir Jón Þorkell en stundum fær hann einnig heilar setningar til að þýða. „Sem betur fer er Ágústa mjög fær í þessu og er búin að setja saman setningarnar en ég þarf að fylla inn í orðin sem þarf að þýða. Ég man þó eftir flókinni aðgerð þar sem þurfti að þýða nánast hvert einasta orð og hvert þeirra var mjög flókið,“ segir hann. Hann útskýrir að nokkur list felist í því að þýða setningar á stuttan en hnitmiðaðan hátt án þess að merkingin tapist enda sé plássið fyrir textann undir myndinni fremur knappur.

„Ég var einn af þeim sem voru mjög pirraðir út í svona þýðingar áður en ég fór út í þetta verkefni. Nú ber ég mikla virðingu fyrir fólki sem vinnur við þetta.“

Jón Þorkell segir oft dálítið skrítið að þýða þetta erlenda læknamál. „Sum íslensku orðin eru svo kjánaleg, aðallega af því að mörg þeirra eru aldrei notuð annars staðar en í Læknablaðinu. Orð eins og dúraveiki og dáslekja (e. narcolepsy og cataplexy) hrífa ekki í daglegu tali,“ segir hann kíminn.

Sjálfur er Jón Þorkell ekki aðdáandi þáttanna og slysast sjaldan til að horfa á þá. „Konan mín horfði hins vegar á fyrstu sex seríurnar.“

En stenst það sem kemur fram í þáttunum raunveruleikann? „Sjúkdómarnir sem koma fram eru til og flest læknisfræðileg heitin sem eru notuð eru til, en samfélagið, sem lýst er í þessum þáttum, er auðvitað ekki trúverðugt. Þetta eru allt saman skurðlæknar og aðrar starfsstéttir eru lítt áberandi. Þá taka þeir að sér alls konar verkefni sem skurðlæknar gera ekki, hoppa til dæmis í störf annarra sérfræðilækna sem gerist ekki í raunveruleikanum.“

Jón Þorkell nefnir einnig allar þær nýjungar sem læknarnir prófa. „Slíkar nýjungar er aðeins að finna á fínum akademískum sjúkrahúsum en ekki einkareknum sjúkrahúsum eins og þetta á að vera.“

Hann segir að þó ekkert sé athugavert við sjúkdómana sjálfa í þáttunum séu þeir líklega ekki það sem laði fólk að þeim. „Ef maður er spenntur fyrir áhugaverðum sjúkdómstilfellum horfir maður frekar á Doktor House,“ segir hann og viðurkennir að hann hafi stundum vitnað í lækninn úrilla í sínum fyrirlestrum. „Vandamálið við House er þó að þar er það sami læknirinn sem tekur röntgenmyndina, sker upp heila og allt þar á milli,“ segir hann og hlær.



**solveig@365.is**

*Hér er dæmi um þýðingu sem Jón Þór hefur þurft að spreyta sig á. Lesendur geta tekið þetta sem áskorun:*

**Webber:** How do you do a transgastric approach?
**Shane:** Anterior gastrotomy for access and cystogastrostomy creation through the posterior wall.
**Webber:** What about the posterior approach?
**Shane:** That is a single gastrotomy in continuity with the pseudocyst.
**Webber:** And which is the easiest approach?
**Ben:** It'd have to be the intraluminal approach. Unless you're a fan of intraoperative bleeding. In which case, do what you like.



**JÓN ÞORKELL EINARSSON** Lyf- og gigtarlæknir í Lundi.

## BÍLAR & FARARTÆKI

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**LÍTIÐ EKINN**
Land cruiser 120 Árg 2004 ekinn 168 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur besta Verð 2.880.000. Rnr.450555 sími 5808900



**100 % FJÁRMÖGNUN**
VW Caddy 2.0 sdi sendibíll. Árgerð 2005, ekinn 210 Þ.KM, dísel, 5 gírar besta Verð 680.000. Rnr.470058 sími 580-8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.280077. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI blueefficiency. Árgerð 2014, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.280039.



PORSCHE Cayenne turbo s. Árgerð 2006, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991479.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 150 GX. Árgerð 2014, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.280106.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**ÚTSALA 1 EIGANDI !!!**
SSANGYONG KYRON DIESEL árg. 2010 ek.108 Þkm, 5 gíra, álfelgur, 100% þjónustu og smurbók, frábært eintak, tilboðsverð 1990 Þús !! gsm 893-9500



**ÚTSALA 7 MANNA !!!**
TOYOTA LANDCR. 150 gx árg. 2012 ek.78 Þkm, Sjálfsk. 7 manna, Filmur, Húddhlíf, Húddmerki, Gluggahlífar, dráttarbeisli, ný heilsársdekk frá Artic Trucks 100% þjónustu og smurbók, frábært eintak, tilboðsverð 6990 Þús !! gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**


Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


100 bílar bílasala .is



Kia Picanto LX, 5/2014, ek 55 þús km, bensín , beinsk, ásett verð 1490 þús, tilboðsverð 1390 þús, er á staðnum raðnr 151963.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

### 500-999 þús.



**DÍSEL SPARIBAUKUR !**
VW Fox 1.4 Dísel. árg '05. ekinn aðeins 136þús km. 3dyra. beinskiptur. Rosalega eyðslugrannur. heilsársdekk. skoðaður '16. lýtur mjög vel út og er í góðu ástandi. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 790þús. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**4X4 FRÁBÆR Í SNJÓINN !**
MMC Outlander 2.0 árg '05. ek aðeins 150þús. 4x4. beinskiptur. ný skoðaður. glæný vetrardekk. dráttarkrókur. bíll í mjög góðu ástandi. ásett v:990. Tilboðsverð 890þús. 100% vísalán í boði. s: 659-9696



**TILBÚINN Í VETURINN !**
MMC Colt 1.3 árg '06. ek aðeins 103þús km. tímakeðja. beinskiptur. 5dyra. ný heilsársdekk. ný skoðaður. lýtur mjög vel út og er í toppstandi. Ásett verð 790þús. Tilboðsverð 690þús. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696

### 1-2 milljónir



**FRÁBÆRT VERÐ !**
Suzuki Vitara 2.0 ekinn aðeins 149þús km. skoðaður 16. heilsársdekk. 4x4. hátt og lágt drif. beinskiptur. álfelgur. mjög fallegur og heill bíll. ásett verð 1.590þús. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 1.290ÞÚS STR. möguleiki á vísaláni allt að milljón. s:659-9696



## heilsa

sauna.is
Fjárfesting í vellíðan

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að

**stækkun dýpkunar– og losunarsvæðis við Landeyjahöfn**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulag.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **28. desember 2015.**

365.is
Sími 1817
365
FÁRÁNLEGA
FLOTTUR
PAKKI
Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.*
Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is
SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
HBO BRAVÓ MARAÞON Vild
*20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐIR**
Tveir smiðir óska eftir verkefnum. Vanir men og vönduð vinna. Sími 864 4789

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569




VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Tek að mér að spá í gegn um síma. Mjög góð. Kristin s. 897 9002.

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn pámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## fasteignir

TRAUSTI fasteignasala



**Smári Jónsson**
Sölufulltrúi.
smari@trausti.is



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

### Laugarnesvegur 110 - Reykjavík.




**Opið hús þriðjud. 24. nóv frá kl 17:15-17:45**
Björt þriggja herbergja íbúð á fjórðu hæð .
Íbúðin er 75,9 fm. og sérgeymsla 2,6 fm. Samtals: 78,5 fm.
**Verð: 27.9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Flúðasel 61 - 4ra herbergja íbúð á efstu hæð.**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fín 109,0 fm. íbúð á 3. hæð (efstu) að meðtalinni sér geymslu. Svalir til suðausturs og útsýni að Bláfjöllum. Auðvelt að búa til 2 auka herbergi á kostnað sjónvarpsrýmis. Raflagnir í íbúð eru yfirfarnar .Sér bílastæði í bílakjallara. Góð eign í barnvænu hverfi. **Verð 31,9 millj. Verið velkomin.**

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þ/ konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd. Nuddstofan, opið frá 10-19. og um helgar. S. 854 3454

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb, íbúð í Garðabæ í ca. 6 mánuði. Kostur ef einhver húsgögn geta fylgt. Öll leiga greidd fyrirfram. Uppl. í s. 822 8545 Guðríður

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

### Sumarbústaðir





**TILBOÐ 3.500.000 KR.**
Til sölu nýtt 25 fm sumarhus (gestahús) fokhellt ásamt kjarrivaxinni leigu lóð í Svínadal á besta stað Tilboðsverð kr. 3.500.000,- uppl í síma 615-2500

### Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## ATVINNA

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

## TILKYNNINGAR

### Einkamál




**NUDD?**
Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Íslendingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

**VANTAR ÞIG PENINGA?**
Viltu spjalla í síma við heita karla gegn góðri greiðslu? 100% trúnaður. RaudaTorgid.is

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is






**atvinna**

# Norræna húsið auglýsir eftir fjármálastjóra í 100% stöðu

Norræna húsið
The Nordic House

**Helstu viðfangsefni:**
- Ábyrgð á gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana og uppgjöra
- Staðgengill forstjóra
- Samskipti við yfirvöld og Ríkisendurskoðun
- Starfsmannahald
- Umsjón með útborgun launa og reikninga
- Reikningagerð og eftirfylgni með tekjum
- Samningagerð

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af fjármálastjórnun og starfsmannahaldi
- Viðkomandi þarf að vera afar sjálfstæður og skipulagður í starfi
- Mjög góð kunnátta í íslensku ásamt góðri kunnáttu í einu skandinavísku máli og ensku
- Þekking á norrænu samstarfi er kostur

Umsjón með ráðningu hefur Mikkel Harder, forstjóri Norræna hússins, og veitir hann nánari upplýsingar um starfið í síma 551 7030 eða í gegnum netfangið **mikkel@nordichouse.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2015. Umsóknir skulu fylltar út á **www.norden.org.**

Samtöl fara fram á Íslandi í byrjun desember.

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku eða norsku.

Ráðið er í starf fjármálastjóra til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu Ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á **www.norraenahusid.is.**

*Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.*



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðvestan hvassviðri eða stormur á austanverðu landinu. Vindur undir Vatnajökli gæti jafnvel náð 25 m/s og hviður allt að 40 m/s. Hvassviðrinu fylgir snjókoma og skafrenningur norðan- og austanlands, en suðaustan til er þó úrkomulaust.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -2° | -4° |
| 8 | 8 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -9° | -0° | -5° |
| 5 | 4 | 9 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | -0° |
| 13 | 12 | 13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 2° | -3° |
| 5 | 7 | 15 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eymsl
6. mannþvaga
8. átti heima
9. lærdómur
11. fisk
12. rusl
14. skrásetja
16. haf
17. dýrahljóð
18. umhyggja
20. til
21. þráður

**LÓÐRÉTT**
1. rák
3. í röð
4. gutla
5. tæki
7. grátbiðja
10. sjór
13. eru
15. ögn
16. verkfæri
19. númer.

**LÁRÉTT:** 2. bágt, 6. ös, 8. bjó, 9. nám, 11. ál, 12. drasl, 14. bréfa, 16. sæ, 17. urr, 18. önn, 20. að, 21. garn.
**LÓÐRÉTT:** 1. rönd, 3. áb, 4. gjálfra, 5. tól, 7. sárbæna, 10. mar, 13. séu, 15. arða, 16. sög, 19. nr.



### Skák Gunnar Björnsson

Vassily Ivanchuk (2.720) lék hræðilega af sér gegn Viktor Bologan (2.630) á EM landsliða þegar hann lék **18...Bf6-d8??**



**Hvítur á leik**
**19. Rd4!** Svartur gafst upp þar sem riddarinn á c6 er leppur og mannstap óumflýjanlegt.
**www.skak.is:** Allt um EM landsliða!


## Minjastofnun Íslands
## Ársfundur 2015

Ársfundur Minjastofnunar verður haldinn á

**Hótel Sögu, Kötlusal,**

föstudaginn **4. desember**

Morgunverður í boði Minjastofnunar Íslands hefst kl. **8:00** og dagskrá fundarins kl. 8:30. Stendur fundurinn til kl. 12. Þema fundarins verður *hagsmunir eigenda friðlýstra menningarminja og samstarf þeirra og minjavörslunnar*. Munu innlendir og erlendir aðilar halda erindi því tengd. Í fyrsta skipti mun Minjastofnun einnig veita minjaverndarverðlaun og endar dagskráin á pallborðsumræðum.
Ítarleg dagskrá er aðgengileg á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is

**Nauðsynlegt er að skrá sig á fundinn** og má finna rafrænt skráningarform á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is

**Skráning stendur til og með fimmtudeginum 26. nóvember.**

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
postur@minjastofnun.is


## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 | 8 | 9 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 2 | 6 |
| 3 | 1 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 | 7 |
| 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 6 | 5 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



GEÐHJÁLP



# TAKK!

Geðhjálp, Hjálparsími Rauðakrossins og Hlaupahópurinn Útmeð'a þakka kærlega veittan stuðning í söfnunarátaki gegn sjálfsvígum ungra karla.

## 1.332 KM Á 5 DÖGUM

Í júlí 2015 hljóp **Hlaupahópurinn Útmeð'a** hringinn í kringum landið til styrktar söfnunarátakinu.

# Mér er Reykjalundur afar kær

**Í tilefni af 70 ára afmæli Reykjalundar í Mosfellsbæ halda Hollvinir staðarins styrktartónleika í kvöld í Grafarvogskirkju. Meðal þeirra sem þar koma fram er Þórunn Lárusdóttir.**



Mér er Reykjalundur afar kær á svo margan hátt, Ég er alin upp í Mosfellsbæ og Reykjalundur hefur alltaf verið hluti af mínu lífi. Þar var til dæmis heilsugæslan svo þangað fór ég sem barn að láta kíkja í eyrun á mér," segir Þórunn Lárusdóttir, söng- og leikkona. Hún er ein þeirra listamanna sem koma fram á styrktartónleikum sem Hollvinasamtök Reykjalundar standa fyrir í kvöld klukkan 20 í Grafarvogskirkju í tilefni af 70 ára afmæli stofnunarinnar.

Þórunn kveðst eiga margar minningar tengdar Reykjalundi. „Móðir mín, Sigríður Þorvaldsdóttir, var á Reykjalundi um tíma eftir að hún veiktist, hún fékk heilablæðingu og þurfti mikillar endurhæfingar við. Faðir minn, Lárus Sveinsson trompetleikari, æfði Reykjalundarkórinn um tíma og á Reykjalundi sá ég föður minn síðast á lífi. Þannig að staðurinn tengist mér persónulega sterkum böndum og ég legg honum lið með mikilli gleði og stóru hjarta."

Innt eftir lagavalinu í kvöld svarar Þórunn: „Ég er að spá í að flytja Litla tónlistarmanninn sem er mér mjög kært lag. Svo ætla ég að þykjast kunna frönsku í smástund og enda á Kabarett. Kjartan Valdimarsson spilar með mér eins og fleirum á þessum tónleikum. Hann er Mosfellingur eins og við Diddú og kannski fleiri sem koma þarna fram."

Tónleikarnir verða eflaust hinir glæsilegustu. Auk þeirra Þórunnar og Diddúar koma þar fram þeir Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson, Hilmar Örn Agnarsson og kórar, Vala Guðnadóttir og Þór Breiðfjörð, Karlakór Reykjavíkur, Páll Óskar og Monika, Gunnar Þórðarson, Bubbi Morthens og Egill Ólafsson. Kynnir kvöldsins verður Þorsteinn Guðmundsson leikari.

**gun@frettabladid.is**


# Félags- og faggreinafundir FIT

**í nóvember 2015 verða haldnir á eftirfarandi stöðum:**

**Reykjanesbær:**
Þriðjudaginn 24. nóvember **kl. 20.00**
Krossmói 4

**Akranes:**
Miðvikudaginn 25. nóvember **kl. 20.00**
Salur eldri borgara, Kirkjubraut 40

**Vestmannaeyjar:**
Fimmtudaginn 26. nóvember **kl. 12.00**
Kaffi Kró

**Selfoss:**
Fimmtudaginn 26. nóvember **kl. 20.00**
Skrifstofa FIT að Austurvegi 56

**Dagskrá fundanna verður:**
1. Staðan í kjaramálum
2. Lífeyrissjóðsmál
3. Önnur mál

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Öflugt stéttarfélag · fit.is · aukin réttindi


# Hvers konar æla?

**BÆKUR**

**Sjóveikur í München**

★★★★★

**Hallgrímur Helgason**
**JPV, 2015**
**325 bls.**

Það væri synd ef nýjustu bók Hallgríms Helgasonar væri aðeins minnst vegna eins atviks sem í henni er lýst þó það sé bæði áhrifamikið og mikilvægt í samhengi bókarinnar. Einnig á bókin betra skilið en að vera afgreidd sem enn ein sjálfsævisögulega lýsingin af höfundinum sem ungum manni að leita að listinni og sjálfum sér, þó að bókin sé vissulega ein af mörgum í þeim flokki sem komið hafa út á síðustu árum. Sjóveikur í München á skilið að vera metin á eigin forsendum og í samhengi við höfundarverk Hallgríms Helgasonar.

Bókin fjallar um einn vetur í lífi höfundar þegar hann var rúmlega tvítugur og bjó í München. Inn í frásögnina fléttast minningar úr barnæsku og frá menntaskólaárum, svo og pælingar Unga Mannsins (eins og hann er nefndur í bókinni) um Ísland árið 1981, heimsástandið, hugmyndafræði og listastefnur. Þetta er kannski ekki neitt sérlega nýstárlegt en það sem skilur þessa bók frá flestum íslenskum bókum af þessu tagi er vægðarleysi höfundar gagnvart sjálfum sér.

Eins og Hallgrímur hefur sjálfur bent á þá gengur hann jafnan hart að persónum sínum og hans unga sjálf er engin undantekning á því. Unga Manninum er lýst í öllum sínum fáránleika, dómhörku, vandræðagangi, óframfærni og óöryggi. Hann getur engan veginn tengst öðru fólki, kannski vegna þess að hann er algjörlega tengslalaus við sjálfan sig, og það brýst gjarnan fram í allt að því gróteskum lýsingum á líkama hans sjálfs og annarra. Það útlitseinkenni sem lesandi tengir helst við Unga Manninn eru graftarbólurnar sem hann er sífellt að kreista, hafa áhyggjur af og fela. Það þýðir ekki að hann heillist ekki af sumu fólki, fótboltakappanum Sigur, ítölsku stúlkunni Antonellu og nokkrum öðrum en jafnvel í lýsingum sínum á konum sem hann heillast af á hann til að draga fram hið afbrigðilega eða einstaka við útlit þeirra, s.s. samvaxnar augabrúnir Antonellu og lausdinglandi brjóst BHV.

Líkt og í mörgum öðrum bókum af þessu tagi eru útlönd fyrirheitna landið en það sem aðskilur þessa bók frá þeim er að útlöndin valda algjörum vonbrigðum. Lýsingar aðalpersónunnar á Íslandi árið 1981 og þeim stöðum sem hann ferðast til eru allar litaðar þeirri tilfinningu að hann passi ekki inn í samfélagið. Þetta gerir það að verkum að umheimurinn verður ókennilegur, drungalegur og jafnvel hættulegur. Það eru ljósglætur hér og þar en þær tengjast frekar landslagi eða list heldur en samfélagi manna. Aðalpersónuna dreymir því um að aðskilja sig fullkomlega frá samfélaginu en þegar hann fær ósk sína uppfyllta þá uppgötvar hann að það er ekki það sem hann vill í raun. Hann nær botninum á öllum þeim sviðum lífsins sem hann sækist helst eftir, ófullnægður hvað varðar listsköpun sína, kynlíf og konur. Í lokin er þó von um að hann muni finna sína réttu hillu.

Kaldhæðinn stíll Hallgríms er hér enn til staðar og gerir bókina bráðfyndna á köflum. En kaldhæðnin er tempruð með væntumþykju og umburðarlyndi gagnvart hinum Unga Manni sem veldur því að lesandi á mun auðveldara með að tengja við hann og fyrirgefa honum dómhörkuna en oft hefur verið málið með persónur Hallgríms. Sú fjarlægð sem oft hefur einkennt

# Hver er tilgangurinn?

**DANS**

**A Retrospective**
**á íslensku og ensku**

★☆☆☆☆

**Rebel Rebel**

**Reykjavík Dance Festival - Tjarnarbíó**

**Höfundar og flytjendur:** Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson og Snæbjörn Brynjarsson
**Hljóðvinnsla:** Friðjón Gunnlaugsson
**Dramatúrgísk ráðgjöf:** Alexander Roberts

Tjarnarbíó var vettvangur afvegaleiddrar tilraunar um síðastliðna helgi í formi A Retrospective. Upphaflega hét verkið A series of novels never written – how not to become a writer og frumsýnt á LÓKAL og Reykjavík Dance Festival í ágústlok. Hugmynd rithöfundarins, Snæbjarnar Brynjarssonar, er að dansa sig í gegnum sjö ókláraðar bækur eftir sig sjálfan og skoða mátt tungumálsins, eða skort á honum. Danshöfundurinn og eiginkona hans, Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson, er honum til halds og trausts.

Á haustmánuðum hafa verið sýnd þrjú sviðsverk sem öll fjalla um tilvistarkreppu og tilfinningauppnám karlkyns listamanna í sjálfskoðun, nú er mál að linni. Útfærslurnar voru mismunandi en sama spurningin hefur svifið yfir þeim öllum: Af hverju ættu áhorfendur að sýna þessum vangaveltum áhuga?

Leikritin Amadeus eftir Peter Shaffer, Hægan, Elektra eftir Hrafnhildi Hagalín og Atriði úr aftöku eftir Howard Barker fjalla öll um listræn átök og listafólk í krísu. Einnig eru fjölmörg dæmi um bókmenntaverk sem fá nýja vídd sem dans, til dæmis ballettinn Don Kíkóti og Woolf Works byggt á verkum Virginíu Woolf. Enginn efi er um að raunir og líf listafólks eigi heima á leiksviði en efniviðurinn má ekki snúast upp í sjálfhverfu eða opinbera naflaskoðun. Listræn framsetning verður líka að vera í fyrirrúmi. A Retrospective hundsar allar þessar kröfur.

Sviðshreyfingarnar og danssmíðin voru að mestu samansett úr tilviljunarkenndum hreyfingum, þar sem lítið fór fyrir fótavinnu. Textinn tók yfir tilraunina, öll dramatík fjaraði fljótlega út og innri átök verksins voru fá. Útskýringar og réttlætingar á persónulegum skoðunum og efasemdum voru í fyrirrúmi, í stað dansins. Hinum sjö ókláruðu verkum var ekki fundinn neinn skýr farvegur heldur fjöruðu út í hiki, orkuleysi og undarlegum útfærslum.

Handrit sýningarinnar var illa skrifað og illa framkvæmt. Í eina skiptið þar sem persónulegt samhengi var tekið fyrir var það aftengt jafnfljótt, jafnvel gert lítið úr því. Afbygging er tæki til að styðjast við og sviðslistafólk verður að nýta hana til að undirstrika merkingu frekar en að grafa undan henni. Öll hugsanleg einlægni vék fyrir kaldhæðni af verstu sort.

Sviðið er bert og reyndar Snæbjörn sömuleiðis. Nektin var algjörlega óþörf, hætti að skipta máli mjög fljótlega og



**ÉG ER AÐ SPÁ Í AÐ FLYTJA LITLA TÓNLISTARMANNINN. ÞAÐ ER LAG SEM MÉR ÞYKIR MJÖG VÆNT UM. SVO ÆTLA ÉG AÐ ÞYKJAST KUNNA FRÖNSKU Í SMÁSTUND OG ENDA Á KABARETT.**

„Ég legg þessu málefni lið með mikilli gleði og stóru hjarta,“ segir Þórunn Lárusdóttir söngkona um styrktartónleika vegna Reykjalundar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




afstöðu höfundar til persóna sinna er horfin og það, auk undirliggjandi einlægni, gerir það að verkum að þetta er að mínu mati ein besta bók Hallgríms.

**Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einlæg en vægðarlaus mynd af ungum manni í leit að sjálfum sér. Ein besta bók höfundar.

varð kraftlaus. Einfaldlega ódýr tilraun til að storka áhorfendum. Tónlistin er nær engin en lýsingin er kannski jákvæðasti punkturinn, þó ekki sérlega eftirminnileg.

Áhorfendur voru mættir til leiks til að sjá danstilraun en fengu þess í stað óskýran og fremur ófrumlegan fyrirlestur um tilgang listarinnar. Í kaupbæti bættust síðan við ásakanir eða hugleiðingar um að viðurvist þeirra í salnum væri tilgangslaus. Hið persónulega á auðvitað heima á sviði en ekki með þessum brag.

Aðgangur að listum er bæði mannréttindi og lúxus en öll list þarf ekki endilega að vera til sýnis, hvað þá að rukka inn. Sjálfstæða sviðslistasenan á að ögra og taka áhættu en slíkt er ekki afsökun fyrir hálfkáki og viðvaningshætti. A Retrospective hefði aldrei átt að sviðsetja, allavega ekki fyrir framan borgandi áhorfendur.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Tilraunastarfsemi á algjörum villigötum.

# Í fornleifafræðinni, tónlistarlega séð

„Tónlistin verður eftir þrjú tónskáld, sem gerðu sig gildandi á 20. öld, Kurt Weill, Cole Porter og Rafael De Leon, þeir eru ólík tónskáld svo lagavalið er fjölbreytt,“ segir söngvarinn Bogomil Font þegar forvitnast er um jazzkvöld Kex Hostels í kvöld. Hann ætlar að syngja og kannski banka eitthvað í kongatrommurnar, að eigin sögn. Auk hans skipa hljómsveitina þeir Steinar Sigurðarson á saxófón, Árni Heiðar Karlsson á píanó og Óttar Sæmundsen á kontrabassa.

Bogomil kveðst alltaf vera í fornleifafræðinni hvað tónlistina varðar og meðal annars ætla dusta rykið af nokkrum lögum eftir Kurt Weill af plötu sem hann tók upp í Chigago árið 1993.

**TÓNLISTIN VERÐUR EFTIR ÞRJÚ TÓNSKÁLD, SEM GERÐU SIG GILDANDI Á 20. ÖLD, KURT WEILL, COLE PORTER OG RAFAEL DE LEON, ÞEIR ERU ÓLÍK TÓNSKÁLD SVO LAGAVALIÐ ER FJÖLBREYTT.**

Tónlistin hefst kl. 20.30 og stendur í u.þ.b. tvær klukkustundir með hléi. Aðgangur er ókeypis. Kex Hostel er á Skúlagötu 28. – **gun**



**„Við tökum nokkra kalypsóa frá stríðsárunum, meðal annars,“ segir Bogomil Font.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Menntaverðlaun atvinnulífsins 2016

Menntaverðlaun atvinnulífsins verða afhent á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 28. janúar. Óskað er eftir tilnefningum um fyrirtæki sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála fyrir 11. desember nk.

Verðlaun eru veitt í tveimur flokkum, menntafyrirtæki og menntasproti ársins 2016, en fyrirtæki sem tilnefnd eru verða að uppfylla ákveðin viðmið.

**Helstu viðmið fyrir menntafyrirtæki ársins eru m.a.:**

- að skipulögð fræðsla sé innan fyrirtækisins
- að stuðlað sé að markvissri menntun og fræðslu
- að sem flest starfsfólk taki virkan þátt
- að hvatning til frekara náms sé til staðar

**Helstu viðmið vegna menntasprota ársins eru m.a.:**

- að lögð sé stund á nýsköpun í menntun og fræðslu, innan fyrirtækis og/eða í samstarfi fyrirtækja
- samstarf fyrirtækja og samfélags um eflingu fræðslu, innan sem utan fyrirtækja

Skýr og skipulögð gögn hjálpa dómnefnd að meta verkefni. Vinsamlegast skilið greinargerð, að hámarki þrjár A4 síður, þar sem rökstutt er hvers vegna viðkomandi fyrirtæki er tilnefnt og hvernig það uppfyllir þau viðmið sem liggja til grundvallar. Ekki þarf að senda eða prenta fylgiskjöl.

**Tilnefningar sendist í tölvupósti á sa@sa.is eigi síðar en 11. desember nk.**
**Ekki er tekið við tilnefningum eða gögnum eftir þann tíma.**

Verðlaunin verða veitt á menntadegi atvinnulífsins 28. janúar en þetta er í þriðja sinn sem dagurinn er haldinn. Menntun og fræðsla sem nýtist öllu atvinnulífinu verður þar í kastljósinu.

SAF · Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi · SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA · SI · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA











# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 24.11 2015

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Katrín Thoroddsen, ein af fimm fyrstu konunum á Alþingi
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Félagsmiðstöðin, Hæðargarði 31
Viðburður á vegum U3A Reykjavík og er um að ræða þriðja erindið í röðinni Merkir Íslendingar: Fimm fyrstu konurnar sem sátu á Alþingi. Margrét Sveinbjörnsdóttir menningarmiðlari mun segja frá lífi og starfi Katrínar Thoroddsen, læknis og alþingismanns, en hún var þriðja konan sem tók sæti á Alþingi Íslendinga. Hún var landskjörinn þingmaður Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokks frá árinu 1946 til 1949 og árið 1946 var hún kjörin 2. varaforseti sameinaðs þings.

**Hvað?** Þriðjudagsfyrirlestur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Í dag mun áttundi fyrirlestur vetrarins fara fram, og mun Margrét Elísabet Ólafsdóttir listfræðingur sjá um herlegheitin. Er yfirskrift fyrirlestrarins Bráðnun á ís – skapandi tengslanet í norðri, og þar mun hún fjalla um North Creative Network sem er samstarfsverkefni Lornu – félags áhugamanna um rafræna list og rafrænu félagasamtakanna Piksel í Bergen, i/o/lab í Stavanger og Rixc í Riga. Allir velkomnir.

**Hvað?** Jákvæð sálfræði – leiðir til aukinnar vellíðunar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Helga Arnardóttir sér um klukkustundarlangan fyrirlestur um jákvæða sálfræði og leiðir til þess að auka andlega vellíðan og hamingju. Þátttökugjald er 2.860 krónur en komi tveir saman kostar það 5.005 krónur.

## Málþing

**Hvað?** Að brúa bilið á milli hönnuða og framleiðanda
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Málþing um tækifæri í hönnun og framleiðslu á Íslandi verður haldið í tengslum við Hönnunarverðlaun Íslands í dag. Málþingið ber yfirskriftina: „Að brúa bilið á milli hönnuða og framleiðanda“ og að því loknu fer fram afhending hönnunarverðlaunanna. Frítt er inn á málþingið og það er öllum opið.

**Hvað?** Opinn fundur með Guðlaugi Þór Þórðarsyni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Félagsheimili Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi, Hverafold 3
Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður mun mæta á svæðið og ræða þar landsmál ásamt málefnum líðandi stundar með áherslu á nærumhverfi Grafarvogsbúa. Heitt verður á könnunni og allir velkomnir.


Hjálpa mér, Guð, með nafni þínu, rétt hlut minn með mætti þínum...
www.versdagsins.is



Auður Jónsdóttir rithöfundur verður í Bókasafni Seltjarnarness í kvöld klukkan 20.00.

## Námskeið

**Hvað?** Konfektgerðarnámskeið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hagkaup, Holtagörðum
Á námskeiðinu er farið í alla grunnþætti konfektgerðar og munu þátttakendur gera sína eigin mola og taka þá með sér heim. Hráefni innifalið í námskeiðsgjaldi. Stendur námskeiðið yfir í tvær klukkustundir. Þátttökugjald er 4.900 krónur. Allir velkomnir.


Konfektgerðarnámskeið kl. 18.00.

## Tónlist

**Hvað?** Jazzkvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Komið er að næsta jazzkvöldi Kex Hostels, en í kvöld ætlar Bogomil Font að halda uppi stuðinu í slagtogi við þá Steinar Sigurðarson, Árna Heiðar Karlsson og Óttar Sæmundsen. Verður boðið upp á tónlist eftir Kurt Weill, Cole Porter og Rafael De Leon. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hafnarfjarðarkirkja
Blásið er til hádegistónleika í dag og munu þeir standa frá klukkan 12.15 til 12.45. Eyþór Franzson Wechner, organisti Blönduóskirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar og er boðið upp á kaffisopa eftir tónleika. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Afmælis-og styrktartónleikar Reykjalundar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grafarvogskirkja
Reykjalundur fagnar um þessar mundir sjötugsafmælinu og er því blásið til afmælis- og styrktartónleika í Grafarvogskirkju í tilefni þessa. Fram koma Páll Óskar, Monica og Diddú. Aðgangseyrir eru 4.000 krónur. Allir innilega velkomnir.

**Hvað?** Nóvemberkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan
Guðrún Gunnarsdóttir söngkona mun flytja lög sem hún hefur flutt í gegnum tíðina, og leggur þar höfuðáherslu á róleg og falleg lög. Með Guðrúnu eru þeir Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Hemmi og félagar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Bandið flytur frumsamda tónlist fyrir gesti en bandið skipa þau Hermann Jónsson, Þröstur Freyr Hafdísarson, Hafþór Ingi Pálsson og Hildur Jónasdóttir, auk nokkurra gesta. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

## Bókmenntir

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Fjórir höfundar sem allir eiga sameiginlegt að gefa út bók um þessar mundir, munu lesa upp úr bókum sínum og spjalla við gesti. Eru það þau Auður Jónsdóttir, Jón Kalman Stefánsson, Sigurður Pálsson og Þórdís Gísladóttir sem munu mæta. Stjórnandi höfundakvöldsins er Hildigunnur Þráinsdóttir.


Guðrún Gunnarsdóttir verður á rólegu nótunum í Fríkirkjunni í kvöld.





PAMPERS GÆÐABLEYJUR
Á FRÁBÆRU VERÐI
Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland
Pampers
ÓTRÚLEGT VERÐ
UP TO 12 HOURS OF DRYNESS
TILBOÐ Á BLEYJUM
1199 kr. pakkinn
PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
Pampers baby-dry
5
Pampers baby-dry
4+
Pampers fresh clean
BLAUTÞURRKUR
199 kr. pakkinn
PAMPERS
GÆÐABLAUTÞURRKUR
Jón Jónsson
150.000 kr.
200.000 kr.
Borga
Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausan greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is
Netgíró
Betri leið til að borga
Úrval er breytilegt eftir verslunum
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland




19:50
**THE GREAT CHRISTMAS LIGHT FIGHT**
Skemmtilegir og spennandi þættir um nokkrar bandarískar fjölskyldur sem etja kappi í hörkuspennandi skreytingakeppni en fjölskyldurnar leggja sig allar fram við að jólaskreyta heimilin sín á sem frumlegastan hátt.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

21:00
**EMPIRE**
Skemmtileg þáttaröð um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.



21:50
**PUBLIC MORALS**
Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild sem fara stundum vafasamar leiðir.



22:00
**CAPTAIN PHILIPS**
Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um skipstjórann Richard Phillips og baráttu hans við sómalska sjóræningja árið 2009.




20:15
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



20:45
**DALLAS**
Saga Ewing fjölskyldunnar heldur áfram með öllum þeim ástarflækjum og afbrýði sem hefur einkennt þessa stórfjölskyldu til þessa.



Krakkastöðin 19:00
**KALLI Á ÞAKINU**
Kalli býr uppi á þakinu hjá Bróa litla og kemur reglulega í heimsókn fljúgandi á þyrluspaða sem er fastur á bakinu á honum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.25** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** The Night Shift
**11.05** Lying Game
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.40** American Idol
**15.00** American Idol
**15.45** Mr Selfridge
**16.30** Veep
**17.00** Surviving Jack
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** The Great Christmas Light
**20.10** The Big Bang Theory
**20.35** Empire
**21.25** Public Morals Magnaður þáttur með Edward Burns í aðalhlutverki. Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild. Terry Muldoon og félagar reyna að halda uppi lögum og reglum í borginni sem aldrei sefur.
**22.10** Nánar auglýst síðar
**23.00** Last Week Tonight With John Oliver
**23.30** Covert Affairs
**00.15** Grey's Anatomy
**01.00** Blindspot
**01.45** Bones 10
**02.30** Mistresses
**03.15** Backstrom
**04.00** Company of Heroes
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT

**09.10** Keflavík - KR
**10.50** Spænsku mörkin
**11.20** Vardar - Barcelona
**12.50** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**13.20** Þór Þ. - Grindavík
**15.00** Körfuboltakvöld
**16.40** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**17.05** Hellas Verona - Napoli
**18.45** Ítölsku mörkin
**19.15** Meistaradeildarkvöld
**19.40** Arsenal - Dinamo Zagreb
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Maccabi Tel-Aviv - Chelsea
**00.20** Bayern Münch. - Olympiakos
**02.10** Evrópudeildin - fréttaþáttur

### SPORT 2

**07.00** Crystal Palace - Sunderland
**08.40** Messan
**11.00** Messan
**12.15** Chelsea - Norwich
**13.55** Football League Show
**14.25** Tottenham - West Ham
**16.05** Man. City - Liverpool
**17.50** Sol Campbell
**18.20** Crystal Palace - Sunderland
**20.00** Premier League Review
**20.55** Watford - Man. Utd.
**22.40** Southampton - Stoke
**00.25** Premier League Review

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour - Highlights
**08.55** RSM Classic
**11.55** DP World Tour
**16.55** RSM Classic
**19.55** Golfing World
**20.45** PGA Tour - Highlights
**21.40** DP World Tour Championship

### STÖÐ 3

**18.45** Ground Floor
**19.05** Schitt's Creek
**19.30** Project Runway
**20.15** One Born Every Minute
**21.00** Pretty Little Liars
**21.45** Witches of East End
**22.30** Mayday. Disasters
**23.15** Last Ship
**00.00** Project Runway
**00.45** One Born Every Minute
**01.30** Pretty Little Liars
**02.10** Witches of East End
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Leyndarmál vísindanna
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** UKI
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Brunabílarnir
**09.47** Latibær
**10.00** Ljóti andarunginn og ég
**10.25** Lukku-Láki
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Leyndarmál vísindanna
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.55** UKI
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Brunabílarnir
**13.47** Latibær
**14.00** Ljóti andarunginn og ég
**14.22** Lukku-Láki
**14.44** Ævintýraferðin
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Leyndarmál vísindanna
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Brunabílarnir
**17.47** Latibær
**18.00** Ljóti andarunginn og ég
**18.22** Lukku-Láki
**18.44** Ævintýraferðin
19:00 Kalli á þakinu

### GULLSTÖÐIN

**17.55** The Big Bang Theory
**18.20** Friends
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Veggfóður
**20.10** Hið blómlega bú
**20.45** Dallas
**21.30** Klovn
**22.00** Fringe
**22.45** Chuck
**23.30** Cold Case
**00.15** Veggfóður
**00.55** Hið blómlega bú
**01.30** Dallas
**02.15** Klovn
**02.40** Fringe
**03.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Last Chance Harvey
**13.05** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon Rómantísk gamanmynd um Edward konung og Paige drottningu sem fara í brúðkaupsferð til Belaviu þar sem þau komast að lævísum áformum danska forsætisráðherrans um að eyðileggja fallegt landsvæði sem er í eigu konungsríkisins í gróðaskyni.
**14.40** Life Of Pi Einstök mynd sem tilnefnd var til 11 Óskarsverðlauna. Hún fjallar um ungan mann sem kemst lífs af eftir að skipið sem hann er á sekkur. Hann myndar óvænt samband við tígrisdýr sem einnig lifir slysið af. Þetta er ein allra besta mynd síðari ára. Leikstjóri er Ang Lee.
**16.45** Last Chance Harvey
**18.20** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**19.55** Life Of Pi
**22.00** Captain Phillips
**00.15** Arbitrage
**02.05** The Deep Blue Sea
**03.45** Captain Phillips

### RÚV

**17.45** Táknmálsfréttir
**17.56** Hopp og hí Sessamí
**18.19** Millý spyr
**18.26** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Íþróttalífið
**20.40** Castle
**21.25** Íslensk garðyrkja Heimildarþáttur þar sem stiklað er á stóru um sögu íslenskrar garðyrkju síðustu 60 árin. Fjallað er um gróskumikla starfsemi hennar í dag og meðal annars kannað hvernig garðyrkjubændur hafa nýtt auðlindir landsins með sjálfbærum hætti.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Flóttafólkið Glæný bresk spennuþáttaröð.
**23.15** Brúin
**00.15** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

06:00 Pepsi MAX tónlist
08:00 Everybody Loves Raymond
08:20 Dr. Phil
09:00 Kitchen Nightmares
09:50 Generation Cryo
10:35 Pepsi MAX tónlist
13:25 Cheers
13:50 Dr. Phil
14:30 Younger
14:55 Design Star
15:45 Judging Amy
16:25 Eureka
17:05 Survivor
17:50 Dr. Phil
18:30 The Tonight Show
19:10 The Late Late Show
19:50 Black-ish
20:15 Jane the Virgin
21:00 Madam Secretary
21:45 Wicked City
22:30 The Tonight Show
23:10 The Late Late Show
23:50 Extant
00:35 Code Black
01:20 Quantico
02:05 Madam Secretary
02:50 Wicked City
03:35 The Tonight Show
04:15 The Late Late Show
04:55 Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**Verið velkomin í útgáfuboð í Bíó Paradís,**
**Hverfisgötu 54, í dag kl. 17**

**KK** leikur nokkur lög, léttar veitingar í boði og allir velkomnir

**Athugið** að þetta er eina sýningin sem haldin verður í kvikmyndahúsi

**DVD**

Í heimildarmyndinni *Á Æðruleysinu* fylgjumst við með KK og félögum á tónleikum og bregðum okkur í róður með honum á trillunni Æðruleysinu þar sem hann segir okkur frá sjálfum sér og deildir með okkur sýn sinni á lífið og tilveruna.

**CD**

Einnig fylgir geisladiskur með átján perlum úr lagasafni KK, þar á meðal tvö lög sem ekki hafa verið gefin út áður, og í ríkulega myndskreyttum bæklingi deilir KK með okkur sögunum á bak við hvert lag.




*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*


Nicki Minaj sópaði að sér verðlaunum í ár.


The Weeknd hlaut tvenn verðlaun. Hér er sjálfur Prince að afhenda honum verðlaun fyrir bestu R&B-plötu ársins.

# American Music Award

## Verðlaunahátíðin var haldin í 43. skiptið og fór hún fram í Microsoft Theatre í Los Angeles.

Á sunnudag fór fram American Music Award 2015 þar sem allar helstu stórstjörnurnar í tónlistarbransanum voru samankomnar. Hvort sem var til að taka við verðlaunum, veita þau, troða upp eða bara til að sýna sig, og kannski sjá aðra. Jennifer Lopez sá um að sinna starfi kynnis, og gerði það listavel. Hún fylgdi óskrifuðu reglunum og rúllaði fram á sviðið í nýju heildressi trekk í trekk, ásamt því að láta öllum illum látum á sviðinu þegar hún skellti í opnunaratriðið þar sem hún tók alla helstu smelli ársins fyrir og afgreiddi á einu bretti.




One Direction-drengir voru himinlifandi með sinn skerf.

### SIGURVEGARAR 2015

***Lag ársins***
Taylor Swift: Blank Space

***Nýliði ársins:***
Sam Hunt

***Karlpopp/-rokkari ársins***
Ed Sheeran

***Kvenpopp/-rokkari ársins***
Ariana Grande

***Besti hópur poppara/rokkara***
One Direction

***Besta popp-/rokkplata ársins***
Taylor Swift: 1989

***Besti kántrísöngvarinn***
Luke Bryan

***Besta kántrísöngkonan***
Carrie Underwood

***Besta kántríband ársins***
Florida Georgia Line

***Besta kántríplata ársins***
Florida Georgia Line: Anything Goes

***Besti kven rapp/hiphoplistamaður ársins***
Nicki Minaj

***Besta rapp-/hiphop-plata ársins***
Nicki Minaj: The Pinkprint

***Besti karl rapp-/hiphoplistamaðurinn***
The Weeknd

***Besti kven soul-/R&B-listamaðurinn***
Rihanna

***Besti karl soul-/R&B-listamaðurinn***
The Weeknd: Beauty Behind The Madness

***Besta rokkband ársins***
Fall Out Boy

***Favorite Artist – Adult Contemporary***
Taylor Swift

***Besti latínó-listamaðurinn***
Enrique Iglesias

***„Contemporary Inspirational“ ársins***
Casting Crowns

***Besti danstónlistarlistamaður ársins***
Calvin Harris

***Samstarf ársins***
Skrillex & Diplo Feat. Justin Bieber: Where Are Ü Now

***Kvikmyndatónlist ársins***
Pitch Perfect 2


Sam Hunt yfir sig ánægður með verðlaunin sín




Kjörís
Mjúkís
MEÐ
DÖKKU SÚKKULAÐI &
SÚKKULAÐIBITAKÖKUM
1L
Fyrir fágaða bragðlauka. Nýtur sín vel með ferskum jarðarberjum, góðum vinum,
kaffi í bolla og spjalli um lífið og tilveruna.













# Reykjavíkurdætur leggja land undir fót

Rapphópurinn Reykjavíkurdætur hefur fengið fyrirspurnir og tilboð frá hinum ýmsu tónlistarhátíðum víða um heim eftir Iceland Airwaves. Hópurinn stefnir einnig á að gefa út sína fyrstu plötu í vor.

Við fengum mikla umfjöllun á Iceland Airwaves og mikla athygli frá erlendum gestum og fjölmiðlum og erum búnar að fá fyrirspurnir og tilboð frá hinum ýmsu hátíðum um allan heim," segir Steinunn Jónsdóttir, ein Reykjavíkurdætra, leyndardómsfull en rapphópurinn vakti heldur betur athygli á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í upphafi mánaðarins.

**Þora að stefna hvert sem er**

Hópurinn hefur verið áberandi síðan hann gaf út sitt fyrsta lag um jólin 2013 og vakti eins og áður sagði mikla athygli á Airwaves þar sem fjallað var um þær í erlendum miðlum á borð við The Guardian, I-D Magazine og Rolling Stone.

„Okkur hefur verið tekið misopnum örmum hérna á Íslandi, sem er allt í góðu en það er svo gaman að sjá hvað þessir erlendu fjölmiðlar og gestir voru að skilja þetta og hvað þetta gengur út á þrátt fyrir að öll lögin okkar séu á íslensku."

Steinunn segir þó að þær geti ekki upplýst sem stendur um nákvæmlega hvaða hátíðir það eru en segir að spennandi tímar séu fram undan og þær muni að öllum líkindum verða á faraldsfæti í maí og fram í júlí á næsta ári.

Reykjavíkurdætur eru sautján talsins og spiluðu í fyrsta sinn í útlöndum í september síðastliðnum á tónlistarhátíðinni Nordisk Panorama sem haldin var í Malmö. „Við erum náttúrulega sautján þannig við höfðum heyrt að við gætum aldrei spilað í útlöndum af því að við erum svo margar þannig að við höfðum eiginlega bara aldrei þorað að hugsa um það. Við trúðum þessu varla fyrr en við fengum flugmiðana í hendurnar og núna bara trúir maður að allt geti gerst og þorir að stefna hvert sem er," segir Steinunn hlær.

Reykjavíkurdætur halda utan um öll sín mál sjálfar og eru ekki með umboðsmann heldur eru hinar ýmsu nefndir innan hópsins sem tækla og halda utan um það sem þarf að gera. „Við erum svo margar að við skiptum bara niður verkum. Einhverjar sjá um að skipuleggja túra erlendis og tónleika og svo aðrar sem halda utan um plötugerð."

**Senda frá sér plötu**

Útlandaferðir og erlendar tónlistarhátíðir eru ekki það eina sem er á döfinni hjá hópnum sem stefnir einnig á að gefa út sinn fyrsta geisladisk í vor og segir Steinunn hann verða í svipuðum fíling og efnið sem þær hafa sent frá sér hingað til og blandað verið saman gömlu og nýju smellum sveita.

„Við erum einmitt að fara í sumarbústað yfir helgina og vinna í því að gera eitthvað nýtt saman. Við höfum svolítið verið að vinna hver í sínu horni eða tvær og tvær saman og núna ætlum við að sjá hvað gerist þegar við komum allar saman," segir hún og bætir við að þeir sem hafi áhuga geti fylgst með þeim á Snapchat undir notendanafninu Rvkdaetur.

Fram til þessa hafa Reykjavíkurdætur sammælst um þema, tímaramma og viðlag við gerð laganna og svo hist áður en þær fara í stúdíóið og segir Steinunn það verða gaman að sjá hvað gerist þegar þær koma allar saman og virkja sköpunarkraftinn. „Það er dálítið spennandi af því það eru kannski sumar sem hafa verið að vinna mikið saman og aðrar unnið minna saman þannig að það er gaman að mixa því öllu upp og sjá hvað kemur út úr því," segir hún hress að lokum.

**gydaloa@frettabladid.is**


Hér má sjá hluta af hópnum þegar hann kom fram á Iceland Airwaves.

## Reykjavíkurdætur

Anna Tara Andrésdóttir
Ásthildur Sigurðardóttir
Bergþóra Einarsdóttir
Guðbjörg Ríkey Thoroddsen Hauksdóttir
Solveig Pálsdóttir
Katrín Helga Andrésdóttir
Kolfinna Nikulásdóttir
Salka Valsdóttir
Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir
Jóhanna Rakel Jónasdóttir
Steiney Skúladóttir
Steinunn Jónsdóttir
Sunna Ben
Tinna Sverrisdóttir
Valdís Steinarsdóttir
Vigdís Ósk Howser Harðardóttir
Þórdís Björk Þorfinnsdóttir
Þuríður Blær Jóhannsdóttir



**VIÐ ERUM EINMITT AÐ FARA Í SUMARBÚSTAÐ YFIR HELGINA OG VINNA Í ÞVÍ AÐ GERA EITTHVAÐ NÝTT SAMAN. VIÐ HÖFUM SVOLÍTIÐ VERIÐ AÐ VINNA HVER Í SÍNU HORNI EÐA TVÆR OG TVÆR SAMAN OG NÚNA ÆTLUM VIÐ AÐ SJÁ HVAÐ GERIST ÞEGAR VIÐ KOMUM ALLAR SAMAN.**

Steinunn Jónsdóttir Reykjavíkurdóttir

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Jólagjöf fagmannsins



179 stk.




19.560.-

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Pistlahöfundur á lyfjum

Skrautbúinn maður rétti mér miða. Ég leit á og sá að hann var að bjóða stinningarlyf, vörn gegn illa auganu, seið til að vinna ástir kvenna og síðan sérstakt lygalyf. Þetta vakti athygli mína þó ég sé ýmsu vanur á leið minni heim úr vinnu enda margt kynlegra kvista í Malagaborg.

**Ég spurði hann út í lygalyfið. Hann opnaði þá leðurskjóðu mikla og rétti síðan fram lítinn poka með hvítu dufti og opnaði hann. Þetta leit út eins og kókaín eða hreinlega lyftiduft. Svo sagði hann stoltur: „Með þessu er hægt að ljúga kinnroðalaust hverju sem er, meira að segja sálfræðingar gætu ekki greint þar nokkuð gruggugt. Þar sem það eru kosningar í næsta mánuði býð ég sérstakan afslátt.“**

**Ég hef séð aðeins of margar bíómyndir um dagana svo ég dýfði löngutöng ofan í pokann og stakk síðan puttanum upp í mig. Maðurinn, sem sagðist vera frá Nígeríu, var ekki ánægður með þetta. Spurði hvern fjárann ég væri að hugsa, þetta væri rándýrt efni, unnið úr nashyrningahorni og sænsku skapahári. Hann vildi rukka mig um tvo skammta.**

**Mér þótti þetta náttúrlega afskaplega leitt en ekki lengi þó. Ég var nefnilega rétt kominn fyrir horn þegar lögreglumaður gómaði mig og spurði hvað ég hefði verið að vilja með kaupmanninum atarna. Mér til mikillar hrellingar komst ég að því að ég gat engu logið að lögreglunni og átti ég þó að vera búinn með dágóðan skammt af lygalyfinu. Þetta hefur allt verið lygi hjá honum bölvuðum, hugsaði ég með mér.**

**Svo kom ég heim, ákvað að breyta svolítið til og setti hár mitt í tagl. Síðan settist ég niður við tölvuna og ákvað að fara að skrifa þennan pistil. Allt í einu þegar ég var búinn að opna word-skjalið fann ég að lyfið var farið að virka.**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015


Allt sem þú þarft ...

